Grundaskóli
Akranesi





# PÚLSINN



**SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA**
1. tbl. - 21. árg. - Júní 2016

# Kveðja frá skólastjóra



Ágætu lesendur!
Hér getur að líta Púlsinn, skólablað Grundaskóla 2016. Því er fyrst og síðast ætlað að vera söguleg heimild um skólastarfið í vetur. Skólastarf í fjölmennum skóla er margvíslegt og viðfangsefni nemenda sömuleiðis. Við erum stolt af krökkunum okkar sem eru sjálfum sér, foreldrum sínum og skólanum til sóma í hvívetna.

Við sem störfum í Grundaskóla erum ánægð með skólann okkar og hvetjum nemendur til þess sama. Eitt af sérkennum skólans eru góð samskipti nemenda og starfsfólks. Þessi samskipti hafa byggst á gagnkvæmu trausti og nemendur reynst traustsins verðir. Í skólanum ríkir jákvætt andrúmsloft og góður starfsandi þar sem starfsfólk er óhrætt við að reyna nýja hluti, breyta til og takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni.

Það eru ávallt næg úrlausnarefni, sem þarf að bæta í daglegu skólastarfi. Allt frá stofnun Grundaskóla hefur markmið skólans verið að koma til móts við þarfir og getu hvers og eins. Þrátt fyrir sífellt betri þekkingu og bætta greiningu á ýmsum erfiðleikum, reynist stundum erfitt að finna bestu úrræðin. Við höfum þá trú að engin ein kennsluaðferð sé sú rétta, að nemendur læri með ólíkum hætti og þess vegna verði skólinn að tryggja þeim fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. Til staðar þarf að vera jákvæð hvatning og hrós, fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum og námsmati, jákvæður agi og síðast en ekki síst góð samskipti heimilis og skóla.

Ég þakka starfsmönnum, nemendum, foreldrum og samstarfsaðilum öllum fyrir veturinn. Lesendum óska ég ánægjulegs sumars.

*Hrönn Ríkharðsdóttir, skólastjóri.*






**PÚLSINN**

Skólablað
Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***
Hrönn Ríkharðsdóttir

Grundaskóli
Akranesi

**Heimasíða Grundaskóla:**
www.grundaskoli.is
**Netfang Grundaskóla:**
grundaskoli@akranes.is

# Fjör í 1. bekk

## 1. bekkur

Það er ávallt fjör í 1. bekk. Hópurinn okkar samanstendur af 52 hressum og skemmtilegum krökkum. Við höfum verið dugleg að aðlagast skólaumhverfinu en þó finnst okkur flestum skemmtilegast að leika í dagvistinni hjá Ásu og öllum hinum. Kennararnir okkar eru þrír, Vala, Eygló og Gunnhildur. Þær hafa kennt okkur mikið um hvernig maður á að vera í skólanum. Við vitum núna að það er mikilvægt að hlusta vel á kennarann sinn til að vita hvað verið er að fara að gera. Við vitum líka að það borgar sig ekki að æfa sig mikið í óþekkt, nema að sá hinn sami stefni á að verða góður í því. Við vitum líka að það skiptir miklu máli að æfa sig í að lesa - því æfingin skapar meistarann. Við höfum svo sannarlega æft okkur mikið í lestrinum og erum sannir meistarar í lestri. Við ætlum að halda áfram að æfa okkur í lestrinum og öllu því sem tilheyrir að vera frábærir skólakrakkar.



*Við upphaf fyrsta bekkjar gaf skólinn öllum nemendum endurskinsvesti.*



*Á hundraðasta skóladeginum okkar héldum við hátíð.*

# Ábyrgir vegfarendur í 2. bekk

## 2. bekkur

Í vetur höfum við í öðrum bekk unnið mikið með umferðaröryggi barnanna. Verkefnið er í tengslum við Stóru bókina sem nemendur hafa unnið að í allan vetur, en bókin fjallar um þau sjálf og nærumhverfi þeirra. Verkefnið kallast öruggasta leiðin í skólann og gengur út á það að við göngum heim til allra í árgangnum og tökum mynd af hverjum og einum fyrir framan heimili sitt. Á leiðinni er farið yfir hvaða leið er öruggust, hvaða umferðarmerki við sjáum og helstu hættur sem geta orðið á vegi þeirra. Með þessu verða börnin ábyrgari gangandi vegfarfarendur.





Á vordögum var svo farið yfir hvernig það er að vera hjólreiðamaður, hvað ber að varast og þann staðalbúnað og öryggisatriði sem þarf að vera á reiðhjólum. Börnin hafa staðið sig einstaklega vel í þessum verkefnum og þau hafa sýnt það að þau eru ábyrgir ungir vegfarendur sem eru dugleg að nota umferðarvestin sem Grundaskóli færði þeim að gjöf í 1. bekk.



# Heimsóknir í fyrirtæki



Í vetur fór 3. bekkur í heimsóknir í nokkur fyrirtæki á Akranesi. Nokkrir foreldrar árgangsins höfðu tök á að taka á móti okkur og sýndu okkur vinnustaðina sína.

Við heimsóttum vinnustaðina Bíla og dekk, Sjúkrahúsið, Garðasel, Landmælingar, Heilsuna mína, Fjölbrautaskóla Vesturlands,

## 3. bekkur

Brekkubæjarskóla og bæjarskrifstofuna á Akranesi.

Við fengum allsstaðar góðar móttökur og sáum margt áhugavert og skemmtilegt. Kannski leynist tilvonandi bæjarstjóri, læknir eða bifvélavirki í okkar árgangi, hver veit?











# Þemavinna í 4. bekk

Í vetur höfum við unnið með tvö stór þemu. Við byrjuðum á hvalaþema þar sem við lærðum um allar helstu hvalategundir við Íslandsstrendur. Verkefnin voru af ýmsum toga og í lokin var okkur skipt í hópa þar sem við unnum stórt veggspjald um eina hvalategund og héldum kynningu fyrir bekkinn.

Seinna þemað var um Ísland. Við lærðum um náttúru landsins og ýmsa staði. Síðan lærðum við um lýðveldið, Alþingi og forsetana. Þar sem forsetakosningar eru framundan þá héldum við okkar

## 4. bekkur

eigin forsetakosningar. Við bjuggum til okkar eigin draumaforseta og fluttum framboðsræðu fyrir bekkinn. Í framhaldi af því voru lýðræðislegar kosningar.

Í maí ætlum við að fara í vettvangsferð til Reykjavíkur og skoða m.a. Alþingishúsið, Stjórnarráðið og fleiri merka staði.

Í Tónbergi þann 20. maí ætlum við að loka þemanu með því að halda sýningu á völdum verkefnum í samstarfi við Landmælingar Íslands.











# Samþætting árshátíðar við ensku

Árshátíðin í Grundaskóla er haldin ár hvert og er ákveðið þema valið hverju sinni. Í ár var það diskó og pönk. Nemendur í 5. bekk voru með atriði sem unnið var upp úr bíómyndinni Mamma Mia. Atriðið var blanda af söng, dansi og leik.

Sigrún Dóra Jóhannsdóttir kennaranemi var í æfingakennslu í árganginum okkar. Ákveðið var að nota texta úr árshátíðaratriðinu til að byggja enskuverkefnið hennar á og dýpka þannig skilning barnanna. Unnið var með lokalagið í sýningunni en það var Abbalagið I have a dream. Nemendur þýddu textann yfir á íslensku, unnu hugtakakort út frá honum og gerðu síðan ritun í forritinu Word, þar sem viðfangsefnið var það sama, I have a dream.

Nemendur unnu verkefnin af áhuga og gerðu þemanu okkar góð skil. Þannig tengdum við árshátíðaratriðið saman við enskuna.

## 5. bekkur





### *Árshátíðaratriði 5. bekkja 2016*

Við í fimmta bekk gerðum part af leikritinu Mamma Mia.

Árgangurinn hjálpaðist að við að semja leikritið. Við skiptum hlutverkunum á milli okkar allra.

Byrjað var á að horfa á myndina. Eftir það tóku þrír krakkar að sér, einn úr hverjum bekk, að semja dansa við lögin frá Abba, Waterloo og Mamma Mia.

Við lærðum handritin utan að inni í stofunum áður en við lærðum leikritið sjálft.

Myndin var tekin upp á grísku eyjunni Santorini, þess vegna klæddumst við sumarlegum fötum.

Svo byrjuðu skemmtilegar og fyndnar æfingar sem urðu þar af leiðandi léttar. Skemmtilegust var samvinnan á milli bekkjanna.

Stuttu eftir það voru nemendasýningar, þær gengu vel vegna hvatningar og stuðnings frá nemendum.

Rennslið tókst vel og svo kom það skemmtilegasta, árshátíðarsýningarnar.

Allir bekkirnir sýndu á tveimur sýningum allt í allt og það var mjög gaman. Leikritið var um brúðkaup Sophie og Sky.

Vonandi fannst ykkur þetta gaman. Takk fyrir okkur.

*Árgangur 2005*
*Höfundar: Arnar Gaui, Elsa Maren og Katrín Fjóla*





# 6. bekkur á ferð og flugi

## 6. bekkur

Í vetur hefur 6. bekkur verið að vinna verkefni um Snorra Sturluson eins og venja er í 6. bekk. Í ár ákváðum við að nýta okkur tæknina örlítið meir en venja hefur verið og nýttum til þess I-pada. Við unnum verkefnið í appi sem kallast Book Creator. Þar unnu nemendur ýmis verkefni inn í rafræna bók. Verkefnin voru á ýmsu formi og má þar nefna myndbönd þar sem leikþættir voru settir á svið, myndir, textar, teikningar og ljóð svo eitthvað sé nefnt. Verkefnið heppnaðist mjög vel og mörg skemmtileg verkefni litu dagsins ljós. Í byrjun apríl fórum við síðan í ferð í Reykholt þar sem við lærðum enn meira um Snorra og skoðuðum heimkynni hans.

Þriðjudaginn 26.apríl fórum við svo í afar vel heppnaða siglingu í boði Faxaflóahafna um sundin blá. Siglt var út frá Reykjavíkurhöfn út á Faxaflóann þar sem nemendur





fengu fræðslu um lífríki hafsins, sáu lunda (sumir í fyrsta skipti) og ýmislegt annað. Á heimleiðinni var stoppað í sundi í Lágafellslaug í Mosfellsbæ í blíðskapar veðri þar sem bæði nemendur og starfsfólk skemmtu sér vel. Áður en haldið var heim á leið fengu allir ís og nutu sólarinnar. Þetta var skemmtileg og vel heppnuð ferð.










# Danaheimsóknin og fleira skemmtilegt



Þann 26. apríl komu Danir úr Lilleskolen í Óðinsvéum að heimsækja okkur í 7. bekk. Þeir gistu fyrstu og síðustu nóttina í Þorpinu og hinar þrjár hjá krökkum í 7. bekk í Grundó. Við fórum margt og mikið með Dönunum eins og t.d. í Borgarfjarðarferðina þar sem við skoðuðum Deildartunguhver, Hraunfossa, Barnafoss, löbbuðum upp á Grábrók og enduðum í sundi í Borgarnesi. Á föstudeginum áttum við að fara upp á Akrafjall en því var frestað vegna veðurs. Í staðinn fórum við í leiki í Akraneshöllinni og í spurningakeppni. Danirnir fóru á sunnudagsmorgninum til Reykjavíkur og nokkrir krakkar í Grundaskóla fóru og kvöddu dönsku krakkana. Við í 7. bekk lærðum mikið af þessu og eignuðumst marga nýja vini.

### *Reykjaskóli*

Þann 7. mars 2016 var lagt af stað frá Grundaskóla. Ferðinni var heitið á Reyki í Hrútafirði. Reykjaskóli eru skólabúðir fyrir krakka í 7. bekk þar sem tekið er á móti nokkur þúsund börnum á ári. Markmið dvalarinnar er t.d. að leyfa krökkum að takast á við það að vera frá foreldrum sínum og hugsa að mestu leyti um sig sjálf. Einnig fá krakkarnir að kynnast nýjum krökkum og nýjum aðstæðum og umhverfi.

## 7. bekkur

Með okkur í Reykjaskóla voru krakkar úr Holtaskóla í Keflavík. Dvölin var mjög skemmtileg og lærðum við fullt af nýjum hlutum! Þegar við komum í Reykjaskóla var okkur skipt niður í þrjá hópa ásamt krökkunum úr Holtaskóla. Þessir hópar unnu saman hin ýmsu verkefni alla dvölina. Í hópunum var farið í Undraheim, náttúrufræði, á byggðasafnið á Reykjum, og í íþróttir og sund. Á kvöldin voru alltaf kvöldvökur, tvö fyrstu kvöldin voru krakkarnir með atriði eða leiki, eitt kvöldið voru kennararnir með leiki og síðan var ball síðasta kvöldið sem Benjamín og Ari sáu um.

Fimmtudagurinn var aðeins öðruvísi en hinir dagarnir en skemmtilegastur. Þá fengu krakkarnir að velja hvaða svæði þau fóru í. Rétt fyrir mat var síðan haldin hárgreiðslukeppni þar sem stelpur mála og greiða strákum. Eftir matinn var síðan reynt að pakka sem flestu niður fyrir heimferðina daginn eftir. Um kvöldið var síðan diskótekið þar sem var mjög mikið stuð! Eftir það var svo farið í kvöldkaffi og fengum við að vaka aðeins lengur það kvöld.

Morguninn eftir kláruðum við að pakka og síðan var lagt af stað heim. Flestir krakkarnir vildu vera lengur en það er alltaf gott að koma heim. Þessi ferð var mjög eftirminnileg og munum við aldrei gleyma þessari frábæru ferð!

### *Óskaveröldin*

Í Óskaveröldinni vinnum við allskonar lífsleikniverkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar. Við þurfum að skoða okkur sjálf og staðsetja okkur í þarfahringnum. Við vinnum verkefni um fjölskylduna okkar, vini, áhugamál, bekkinn okkar, vináttu og lífsvagninn. Við gerum líka verkefni um dvölina okkar í Reykjaskóla. Við lásum líka og unnum verkefni um bókina Leyndardómur ljónsins en sagan gerist einmitt í Reykjaskóla. Við teiknum líka draumahúsið okkar og þurfum þá að passa upp á að hafa teikninguna í réttum hlutföllum. Við megum hins vegar teikna hús eins og okkur langar mest til að eiga í framtíðinni. Við gerum líka verkefni um heimsókn dönsku krakkanna frá Lilleskolen í Odense.



# Samstarf við yngri nemendur

## 8. bekkur

Eins og undanfarin ár höfum við í unglingadeildinni verið í samstarfi við yngri nemendur skólans. Við í 8. bekk vorum í skemmtilegu samstarfi við nemendur í 2. bekk.

Í fyrstu heimsókn okkar hittumst við á yngsta stiginu og unnum verkefni um mannslíkamann í tengslum við Stóru bókina. Unglingarnir eru líka að læra um mannslíkamann svo sú þekking kom að góðum notum við að aðstoða yngri nemendur. Við höfum líka hist og spilað saman og heppnaðist sú samverustund mjög vel.

Þetta samstarf hefur skilað okkur betri og öruggari samskiptum. Það er gaman að sjá krakkana í 8. bekk eiga samskipti við þá krakka sem þau hafa kynnst í gegnum þetta starf. Það má glöggt sjá í mötuneytinu og á göngum skólans. Það er greinlegt að þau yngri finna stuðning og væntumþykju frá þeim eldri.





# Strákurinn í röndóttu náttfötunum

## 9. bekkur

Í vetur lásu nemendur í 9. bekk bókina „Strákurinn í röndóttu náttfötunum“ eftir John Boyne. Sagan fjallar um Bruno, sem er níu ára þýskur drengur í síðari heimsstyrjöldinni. Hann veit lítið um helförina og grimmdarverk landa sinna. Dag einn flytur fjölskyldan frá Berlín og upp í sveit þar sem hann kynnist Shmuel, ungum gyðingastrák í röndóttum náttfötum, sem býr hinum megin gaddavírsins.

Nemendur unnu í kjölfarið ýmis fróðleg og skemmtileg verkefni sem m.a. voru til sýnis á göngum skólans. Fullyrða má að þau verkefni vöktu mikla forvitni hjá yngri nemendum og textar og myndir voru skoðuð af miklum áhuga.

Unnið var með hugtök eins og hugrekki, fordóma, vináttu, samvinnu, hjálpsemi, átök, traust og fleira. Í þessari vinnu voru íslenskan og samfélagsfræðin samþætt á afar skemmtilegan og gagnlegan hátt. Ljóst er að viðfangsefnið heillaði alla sem komu nálægt því, því unglingarnir voru m.a. beðnir um að halda kynningu á efni bókarinnar á yngri stigum skólans.











PÚLSINN

# Árgangur 2000

## 10. bekkur

Skólaárið 2015-16 hefur verið viðburðaríkur tími í lífi 10. bekkinga. Vinnan hófst með stífum undirbúningi fyrir samræmd próf sem fram fóru í september. Að þeim loknum hófst lotuvinna í öllum námsgreinum í bland við stór þemu unglingadeildarinnar. Að loknu málfræðistaglinu í samræmdu prófunum var lögð meiri áhersla á bókmenntavinnu þar sem skiptust á Íslendingasögur, nútímabókmenntir, ritgerðir, glærusýningar og fjölbreytt verkefni sem tengdust inn á grunnfög 10. bekkjar. Nemendur fengu val um hvernig þeir settu fram vinnu sína og mörg frábær og fjölbreytt verkefni litu dagsins ljós. Má þar nefna myndverk, myndbönd og ýmis konar nýstárlega hluti sem mynduðu umbúðir um alls konar fróðleik sem nemendur höfðu safnað að sér.

Að sjálfsögðu er það svolítið sérstakt að klára 10. bekk því flestir nemendur hafa tilheyrt þessum hópi frá því í 1. bekk og mátti greina sambland af kvíða og tilhlökkun í tengslum við það að útskrifast úr Grundaskóla. Á vordögum gengu nemendur síðan í gegnum lokapróf og verkefni sem marka endapunktinn á veru þeirra í Grundaskóla.

Að þeim loknum var farið í hefðbundna útskriftarferð í Þórsmörk þar sem nemendur og kennarar skemmtu sér konunglega og skálaverðir höfðu orð á því hversu frábærir krakkar kæmu úr Grundaskóla á Akranesi.



# Ávaxtastund á yngsta stigi

Heilsueflingarhópurinn í Grundaskóla setti af stað verkefni tengt mataræði í vor og varð ávaxtastund fyrir valinu. Þetta verkefni er þekkt í mörgum skólum. Nemendur fá ávexti í morgunnestinu á þriðjudögum og fimmtudögum. Gunna og Ragga skólaliðar sjá um að skera ávextina og setja í box og fara með á stigið fyrir nestisstundina. Það eru rúmlega 100 nemendur í áskrift að ávöxtum og hefur þetta mælst vel fyrir hjá börnunum.



# Ungir-Gamlir 2015

Árlegir tónleikar grunnskólanna og Tónlistarskólans á Akranesi, Ungir-Gamlir, fóru fram í Bíóhöllinni á Akranesi þann 29. október. Að vanda voru tvennir tónleikar og fullt út úr dyrum á þeim báðum. Tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir er hugsað til þess að bjóða efnilegum nemendum grunnskólanna upp á tækifæri til að taka þátt í vönduðum tónleikum undir leiðsögn þekktra og reyndra tónlistarmanna.

Að þessu sinni voru gestir okkar þau Ragnheiður Gröndal og Friðrik Dór Jónsson. Þau stóðu sig bæði frábærlega og tóku þátt í tónleikunum af lífi og sál bæði með nemendum okkar og einnig ein og sér með húsbandinu. Á tónleikunum voru mörg frábær atriði þar sem nemendur okkar fóru á kostum og ljóst er að framtíðin er björt á tónlistarsviðinu á Akranesi.

Umsjón með tónleikunum var í höndum þeirra Flosa Einarssonar og Heiðrúnar Hámundardóttur.



# Kveðja frá 10. bekk

Eftir 10 ár af viðburðarríkri skólagöngu hér í Grundaskóla, er komið að því að kveðja. Við höfum öll áætlanir fyrir framtíðina og í flestum tilvikum förum við í framhaldsskóla.

Í gegnum árin hafa heilmargir kennarar þurft að þola okkur. Í fyrsta bekk tóku þau Karl Ómar Karlsson og Karen Lind Ólafsdóttir við okkur og þótti bekknum hjá Kalla mjög hlægilegt að heita 1. KÓK.

Það var heldur mikið kennaraflakk hjá okkur í 2000 árgangnum. FE bekkurinn á mögulega metið í því að hafa flesta kennara í gegnum skólagönguna. Í 2. bekk hélt Kalli áfram með sinn bekk en þrjár konur skiptu skólaárinu á milli sín eftir að Karen hætti, ótrúlegt en satt, fóru tvær af þeim í fæðingarorlof. Á þessum tíma bjuggum við til stóru bókina og fylgdi henni mikið af skemmtilegum og fróðlegum verkefnum. Við fórum meðal annars í sveitaferð á Bjarteyjarsand.

Þriðja og fjórða árið okkar í Grundaskóla voru þær Árný Hulda Friðriksdóttir og Sigríður Ólafsdóttir með okkur. Við tókum samræmd próf í 4. bekk. Á þessum tíma var mjög algengt að krakkar beittu öllum brögðum til þessa að sleppa við að fara út í frímínútur meðal annars með því að finna upp á ýmsum veikindum eða jafnvel að fela sig fyrir skólaliðum. Við fórum einnig ferð til Reykjavíkur að skoða Alþingi og fleira. Valdís Valbergs tók við af Árnýju en tórði bara eitt ár þar sem þetta var heldur erfiður bekkur.

Í 5.bekk lærðum við um Snorra Sturluson, Leif heppna og Eirík rauða. Við bjuggum til skemmtileg verkefni út frá því. Sumarið eftir 5. bekk tóku Ursúla og Elís Þór við bekkjunum, öllum til mikillar hamingju.

Í 6. bekk byrjuðum við að finna ástina. Þór Llorens hefur örugglega byrjað með öllum stelpunum í árgangnum og Ísak Máni var heldur betur duglegur í stelpunum. Þessi ár kom leikurinn „SPHKLM“ mikið við sögu.

7. bekkur var mögulega eftirminnilegasti og skemmtilegasti bekkurinn á miðstiginu. Lærdómurinn varð þyngri og við byrjuðum meðal annars í dönsku sem Christel kenndi okkur. Það tóku líka við strembar æfingar í upplestri.

Mánudaginn 25. febrúar lögðum við af stað í Reykjaskóla þar sem við dvöldum í viku ásamt Njarðvíkur- og Holtaskóla. Þetta voru frábærir og lærdómsríkir dagar. Ástin snerti marga í þessari ferð og héldu margir að þeir væru búnir að finna hina einu sönnu ást. Við fengum síðan heimsókn í apríl það ár frá krökkum úr Lilleskolen frá Danmörku. Þá gistu krakkarnir hjá okkur og við gerðum margt skemmtilegt þá viku.

Upplestrarkeppnin átti sér síðan stað og bar lestrarhesturinn Helena Dögg Einarsdóttir sigur úr býtum. Síðast en ekki síst bjuggum við til Óskaveröldina og var það heilmikið föndur. Margir héldu að Elís og Ursúlu myndu útskrifa okkur en svo fór ekki. Við kvöddum þau með tár á hvarmi og við tóku þær Borghildur og Laufey. Þetta skólaár var hreint út sagt skrautlegt. Laufey veiktist fljótlega og Borghildur tók við báðum bekkjunum eins og klettur. Þar tókum við upp áætlun sem bar nafnið: „Ekki gera ekki neitt“ en því miður fóru nú ekki margir eftir henni þar sem margir komust upp með að gera ekki neitt. En það er önnur saga.

Í 8. bekk fengu þeir sem vildu, tækifæri á því að fermast. Þeir fóru í fermingarfræðslu og síðan í Skálholtsferð en þar stóðu pizzurnar mest upp úr. Sumir vilja meina að Borghildur hafi svindlað fyrir fótboltamótið með því að raða í lið óháð bekkjum. En það gerði hún nákvæmlega og auðvitað vann 8. LK. Enn og aftur héldum við að Borghildur og Laufey myndu útskrifa okkur en það fór heldur ekki þannig.

Í 9.bekk gerðust þau undur og stórmerki að þrír karlmenn tóku við okkur og voru þeir alls ekki í verri kantinum. En Einar Viðarsson tók við Laufeyjar bekk og Flosi Einarsson við af Borghildi. Gunnar Sturla Hervarsson var þriðja hjólið og kenndi okkur dönsku og samfélagsfræði.

Níundi bekkur fór mest megnis í það að læra og hlæja. Við fengum áætlun eftir áætlun og okkur fannst við aldrei hafa lært jafn mikið. Árlega fótboltamótið var haldið og enn og aftur vann 9. EV annað árið í röð án svindls, svo



það komi fram. Einnig var settur upp söngleikurinn Úlfur, úlfur undir stjórn Einars, Gunnars og Flosa. Söngleikurinn hlaut góðar viðtökur. Hann þótti skemmtilegur og náði vel til allra aldurshópa.

Á lokaárinu okkar í Grundaskóla tók við langt og strembið ferli ásamt því að vera skemmtilegt og fróðlegt. Við byrjuðum strax að æfa okkur á fullu fyrir samræmdu prófin sem voru í september. Lestrarþema var eitt af þremur þemunum sem við tókum þátt í og gekk það þannig fyrir sig að við áttum að fylla út blað með stigum og fékk maður stigin með því að gera eitthvað lestrartengt.

Ólympíuþemað var annað þemað og snerist það um sögu Ólympíuleikanna. Allri unglingadeildinni var skipt í hópa og fékk hver hópur land sem Ólympíuleikar höfðu verið haldnir í. Þriðja þemað var heilsuþema og fórum við á nokkra fyrirlestra og unnum svo í paravinnu út frá því. Eftir páskafríið byrjuðum við strax í miklum undirbúningi fyrir lokaprófin.

Lokaprófin gengu hratt fyrir sig og áður en við vissum af vorum við komin í Þórsmörk. Lokaferðin var mesta snilldin. Það var ótrúlega gaman og allir skemmtu sér fáránlega vel. Við byrjuðum rútuferðina á því að stoppa á Hvolsvelli að fá okkur eitthvað í gogginn og síðan stoppuðum við hjá Seljalandsfossi. Það var mikil spenna í hópnum alla ferðina. Áður en við lentum í Langadal í Þórsmörk löbbuðum við í Stakkholtsgjá. Þessir þrír dagar voru æðislegir, náttúran var falleg og allir nutu sín í botn. Árgangurinn fékk að kynnast upp á nýtt. Ferðin á Valahnúk var erfið en þar fengum við að sjá margar íslenskar náttúruperlur. Fyndið er að segja frá því að það voru heilmörg herbergi í Langadal og miklu meira en það, en samt ákvað helmingurinn af árgangnum að gista tuttugu saman í átta manna herbergi. Kvöldvakan var frábær. Það var sungið og spilað á gítar alveg fram á nótt. Ef maður ætti að lýsa þessari ferð í hnotskurn væri það einhvern veginn svona: „Það eina sem við gerðum var að éta“. Við átum endalaust og eiginlega bara óhollan mat. Við vorum farin að hlakka til að fara heim til að komast í hollan mat. En eins og það er sagt „What happens in Þórsmörk, stays in Þórsmörk“. Við enduðum ferðina á river-rafting í Hvítá sem stóð sko sannarlega mest upp úr atburðum ferðarinnar. Sumum var kaldara en öðrum og aðrir duttu oftar ofan í en hinir. Við fengum síðan hamborgara og eftir það var komin tími á heimleið.

Hér ljúkum við þessari stuttu frásögn af tíu ára langri skólagöngu okkar. Við viljum þakka öllum þeim sem komu að skólagöngu okkar í öll þessi ár og fyrir að móta okkur sem einstaklinga. Við óskum komandi kynslóðum skólans velgengni í námi og starfi og vonandi hjálpast þær að við og gera skólann að enn betri stað en áður. Svo má auðvitað ekki gleyma að því að þakka foreldrum og forráðamönnum okkar að hafa þolað okkur í öll þessi ár.akk fyrir okkur, árgangur 2000.



# Boðið upp á samtal – Boðið upp á sköpun



Miðvikudaginn 27. apríl var opnuð samsýning fjögurra nemenda og eins kennara úr Grundaskóla í Tónlistarskólanum á Akranesi.

Þátttakendur eru Logi Breiðfjörð Franklínsson, Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, Ronja Rut Hjartardóttir, Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsdóttir og Borghildur Jósúadóttir. Við höfum öll verið þátttakendur í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði Vesturlands og síðast vorum við saman í verkefninu „Þar sem maður hittir mann“ sem endaði með sýningu á Vökudögum. Það var mjög gaman að vinna þetta verkefni og frábært að geta sett upp sýningu í samvinnu við Tónlistarskólann.











# Dagur í lífi hjúkrunarfræðings



*Nafn:*
Ragnheiður Helgadóttir
*Fjölskylduhagir/búseta:*
Bý á Akranesi með Oliver syni mínum og gullfiskinum Hrafni.
*Starfsheiti/fyrirtæki:*
Skólahjúkrunarfræðingur, en er að fara í leyfi frá því starfi.
*Hvað felst í þínu starfi?*
Starfið er rosalega fjölbreytt. Þetta er aðallega forvarnarstarf, fræðsla inni í bekkjum og þess háttar. Svo bólusetjum við 7. og 9. bekk og könnum sjón, hæð, þyngd og lífsstíl í ákveðnum árgöngum. Við erum til taks ef einhver stærri slys verða í skólanum. Ef krökkum líður illa koma þau oft fund skólahjúkrunarfræðings. Við skólahjúkrunarfræðingar komum að öllu sem við kemur heilsu og líðan krakkanna í skólanum
*Hvað er það besta við starfið?*
Allir þessir frábæru krakkar og fjölbreytileikinn.
*Áhugamál:*
Elda og baka, spila blak og vera með fjölskyldu og vinum.
*Dagurinn:*
Hver dagur er aldrei eins og sá síðasti, en flestir eru þeir mjög góðir
*Klukkan hvað vaknaðirðu og hvað var það fyrsta sem þú gerðir?*
Vakna kl 7:12 og fer á fætur. Klæði mig og kem stráknum mínum á fætur. Borða morgunmat og svo í vinnu.
*Hvað borðaðirðu í morgunmat?*
Hafragraut eða Ab mjólk
*Hvenær fórstu til vinnu og hvernig?*
Ef ég byrja daginn í Grundaskóla þá gangandi, annars á bíl.
*Fyrstu verk í vinnunni?*
Stimpla sig inn, kveikja á tölvu og kíkja á póstinn.
*Hvað varstu að gera klukkan 10?*
Fá mér kaffibolla.
*Hvað gerirðu í hádeginu?*
Borða nesti og sinni krökkum sem leita til mín.
*Hvað varstu að gera klukkan 14?*
Var á fundi.
*Hvenær hættirðu og hvað er það síðasta sem þú gerir í vinnunni?*
Ég hætti kl 16:00 og mitt síðasta verk er að stimpla mig út.



*Hvað gerðirðu eftir vinnu?*
Fór heim að elda og svo á blakæfingu.
*Hvað var í kvöldmat og hver eldaði?*
Grillaður borgari og ég sá um að græja hann.
*Hvernig var kvöldið?*
Kvöldið var voða rólegt, ég endaði daginn í sófanum yfir góðri mynd.
*Hvenær fórstu að sofa?*
Kl. 24:00
*Hvað var það síðasta sem þú gerðir áður en þú fórst að hátta?*
Bursta tennur.
*Áttu einhverjar skemmtilegar minningar frá starfi þínu?*
Já margar, enda mikið af skemmtilegum krökkum og starfsfólki í skólanum. Ætli ég verði ekki að nefna strákana í árgangi 99. Þeir voru vanir að gleðja mig reglulega með skemmtilegum ljóðum sem þeir sömdu og settu á hurðina, undir mínu nafni. Virkilega frumlegir og skemmtilegir miðar.
Við þökkum Ragnheiði kærlega fyrir þessa skemmtilegu innsýn í daglegt líf skólahjúkrunarfræðings.



# Skólakór Grundaskóla

Skólakór Grundaskóla hóf sitt fimmta starfsár síðastliðið haust og voru tæplega 40 nemendur skráðir í kórinn á haustönn. Kórinn tók þátt í ýmsum uppákomum í skólanum í vetur og má þar nefna stóran samsöng, litlu jólin og árshátíðina. Kórinn kom einnig fram á Akratorgi þegar ljósin á jólatrénu voru tendruð og sungu á fjölskyldusöngstund á Bókasafni Akraness á Vökudögum. Einnig fór kórinn í skemmtilega heimsókn á Dvalarheimilið Höfða, þar sem vel var tekið á móti okkur.

Nokkuð fækkaði í hópnum á vorönn en þeir rúmlega 20 krakkar sem héldu áfram í kórnum stóðu sig virkilega vel og sungu af krafti með góðum samhljómi. Eitt af verkefnum okkar á vorönn var að syngja á 70 ára afmælisþingi ÍA og vakti sú uppákoma mikla lukku.

Umsjón með kórnum hefur Valgerður Jónsdóttir.



# Söngheimsóknir í 1. bekk

Undanfarin ár hafa tónmenntarhópar úr 3. bekk farið í söngheimsóknir til nemenda í 1. bekk. Þetta eru mjög skemmtilegar stundir þar sem eldri börnin hjálpa þeim yngri að læra lög sem mikið eru sungin í Grundaskóla og einnig lærum við lög sem þau yngri þekkja úr leikskólunum. Það er gaman að blanda saman ólíkum árgöngum og oft hittast í hópnum systkini, vinir, frændur og frænkur.

# Gangbrautarverðir í 10. bekk

Löng hefð er fyrir því að nemendur 10. bekkjar standi vaktina fyrst á morgnana við gangbrautir í grennd við skólann okkar. Gangbrautavaktin felst í því að nokkrir nemendur 10. bekkjar mæta ca. 20 mínútum fyrir skólabyrjun og aðstoða yngri nemendur við það að komast heilu og höldnu yfir nokkrar gangbrautir sem liggja að Grundaskóla. Markmiðið með verkefninu er að tryggja öryggi nemenda og annarra gangandi vegfarenda í umferðinni, vekja upp samkennd og brúa bilið á milli elstu og yngstu nemenda skólans.



Í ár var ákveðið í samstarfi við styrktaraðila verkefnisins að lengja tímabilið sem gangbrautarvarslan varir og standa nemendur 10. bekkjar vaktina frá fyrsta skóladegi og fram í miðjan mars. Landsbankinn styrkir verkefnið og rennur styrkurinn upp í fjáröflun vegna útskriftarferðar 10. bekkinga, sem sannarlega hafa staðið sig vel í allan vetur og verið góðar fyrirmyndir fyrir aðra nemendur.

Mikil ánægja hefur verið með þetta nýja fyrirkomulag og hafa fjölmargir foreldrar haft samband og lýst yfir ánægju sinni. Sem móðurskóli í umferðarfræðslu vill Grundaskóli einnig vera til fyrirmyndar í umferðaröryggi við skólann og með samvinnu nemenda, styrktaraðila og starfsmanna skólans hefur það tekist.



## Spurt og svarað



**_Svava Guðfinna Ingvarsdóttir, 6 ára_**

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-100
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Söngkona
*Hvað hafa þúsundfætlur marga fætur?*
-1000
*Hver er uppáhalds maturinn þinn?*
-Spínat



**_Ari Úlrik Hannibalsson, 6 ára_**

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-milljón
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Lögregla
*Hvað hafa þúsundfætlur marga fætur?*
-1000
*Hver er uppáhald maturinn þinn?*
-Pizza

# Hátónsbarkakeppnin

Hátónsbarkakeppni Grundaskóla var haldin miðvikudagskvöldið 25. nóvember í sal skólans. Þau Brynhildur Björk, Róberta Dís, Rakel og María, Patrekur Orri, Heba og Gylfi, Matthildur, Ísabella, Telma og Lóa sungu af hjartans list og heilluðu áheyrendur upp úr skónum.

Dómnefnd skipuð þeim Katrínu Valdísi Hjartardóttur, Halli Flosasyni og Björgu Bjarnadóttur, fékk það erfiða hlutverk að velja þrjú atriði sem kepptu í úrslitakeppninni miðvikudaginn 2. desember, ásamt söngvurum úr Brekkubæjarskóla. Það voru þau Ísabella Cabrita, Patrekur Orri og dúett Rakelar og Maríu sem komust áfram.

Þær Rakel og María gerðu sér svo lítið fyrir og sigruðu í úrslitunum fyrir hönd Grundaskóla.

Hátónsbarki Brekkubæjarskóla var Ragna Benedikta. Einnig fór fram hæfileikakeppni skólanna og þar sigraði Andri Snær Axelsson, en hann lék prelúdíu eftir J.S. Bach á flygilinn af stakri snilld.

Góð stemmning var í salnum og keppendur stóðu sig virkilega vel.







# KeyWe

Það hefur ekki farið framhjá nemendum og starfsfólki skólans að Ólafur Stefánsson handboltakappi hefur verið tíður gestur í Grundaskóla þetta skólaárið. Hann hefur hitt nemendur í unglingadeildinni og kynnt fyrir þeim forritið KeyWe sem hann er hugmyndasmiður að.

KeyWe er námsforrit sem gengur út á að halda utan um það efni sem vekur áhuga okkar, nokkurs konar stafræn stílabók þar sem svokallaðir "taggar" gegna lykilhlutverki.

Forritið vakti áhuga okkar kennara í Grundaskóla og var ákveðið að unglingadeildin, 8.-10.bekkur fengi aðgang að forritinu til að byrja með. Með tilkomu forritsins sáum við tækifæri til að skapa nemendum okkar nýtt verkfæri í náminu.

Reynsla okkar af forritinu er mjög góð og sýnir að KeyWe er frábær viðbót við verkfærabanka nemenda en nemendur sjá tækifæri til að koma efni auðveldlega frá sér, glósa á skilvirkari hátt og hafa betri aðgang að því efni sem kemur frá þeim.

Það verður spennandi að fylgjast með framhaldinu næsta skólaár þar sem ný útgáfa af forritinu er væntanleg. Í nýju útgáfunni bætast við ýmsir leikir sem ganga út á að vinna með það efni sem notandinn hefur sett inn í forritið.









## Spurt og svarað



**Ása Katrín Harðardóttir, 7 ára**

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-5000
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Leikkona
*Hvað er þúsundfætla með marga fætur?*
-1000
*Hvað er Eygló textílmenntakennari gömul?*
-58 ára



**Guðmundur Hrafnkell Daðason, 8 ára**

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-10 000
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Tannlæknir
*Hvað er þúsundfætla með marga fætur?*
-1000
*Hvað er Eygló textílmenntakennari gömul?*
-62 ára



# Stærðfræði í 8. bekk

Í haust voru nemendur að læra um hringi og hyrninga og fengu það verkefni að búa til mandölu mynstur út frá sinni teikningu.

Nemendur lærðu að skipta hring í sex sneiðar með hringfaranum og teiknuðu síðan munstur í einn hluta og spegluðu áfram þar til kominn var heill hringur.

Munstrin urðu mjög falleg eins og sjá má á meðfylgjandi myndum og hafa vakið verðskuldaða athygli.















# Fréttir af miðstiginu

Það breytist mikið þegar maður fer frá yngsta stiginu upp á miðstig. Maður er lengur í skólanum, það eru erfiðari verkefni og við tökum stundum próf eins og t.d. hraðlestrarpróf. Ýmislegt skemmtilegt gerist á miðstiginu og kennararnir eru mjög skemmtilegir og hvetjandi. Við megum fara í Akraneshöllina í frímínútum og svo fáum við að læra meira í hópavinnu, frammi á gangi og stundum eru þemaverkefni. Kennararnir hafa verið duglegir við að kenna okkur að nota ipada í náminu og við höfum gert ýmis verkefni.

### *5. bekkur*

Krakkarnir í fimmta bekk hafa verið í goðafræði og eru nýbúin með víkingabókina sem þeim finnst skemmtilegt að gera, þau þurftu að gera ýmislegt til að gera hana tilbúna, t.d. saumuðu þau inn bókina og lásu mikið um víkinga og goðafræði. Kennarar þeirra eru jákvæðir og hvetja þau áfram. Þau hafa líka verið að gera ýmislegt í list- og verkgreinum, t.d. gerðu þau víkingaskip úr leir og bókarkápuna gerðu þau í textílmennt. Fimmti bekkur er á leið á Eiríksstaði og er mikil spenna fyrir þeirri ferð.

### *6. bekkur*

Krakkarnir í sjötta bekk hafa verið í Snorra sögu og hafa verið unnin ýmis verkefni, t.d. svarað spurningum og lesið, unnið í hópavinnu um Snorra á ipad og farið í Reykholt á slóðir Snorra. Í Reykholti fóru þau fyrst á safn og þaðan í kirkju þar sem þau fengu fyrirlestur. Þegar þau voru búin í kirkjunni fóru þau í aðra kirkju sem var mun minni heldur en sú fyrri. Kennararnir voru hvetjandi og hjálpuðu þeim mikið með námið. Svo eru þau í stærðfræði, íslensku, ensku og náttúrufræði. Í ensku eru þau í hópum og fara á allskonar stöðvar að vinna fjölbreytt verkefni. Árgangurinn er á leið í sjóferð um sundin blá.

### *7. bekkur*

Krakkarnir í sjöunda bekk eru byrjuð að læra dönsku og eiga von á nemendum frá Lilleskolen í Odense í heimsókn. Þau fóru í samræmd próf í stærðfræði og íslensku síðasta haust og stóðu sig vel. Núna eru þau að vinna í bók sem kallast Óskaveröldin. Hún er um þau sjálf og eru þau búin að vinna kápuna í smíði. Þau fóru líka í Reykjaskóla og þar gerðu þau margt skemmtilegt, t.d. fóru þau á bóndabæ þar sem þau fengu að heyra brot úr sögunni um Gretti. Þau fóru í íþróttir og gistu í fjórar nætur í Reykjaskóla. Nemendur í 7. bekk taka líka þátt í upplestrarkeppninni. Fyrst var bekkjarkeppni og þar komust fjórir áfram í hverjum bekk, svo voru undanúrslit í salnum þar sem tólf krakkar kepptu og komust sex áfram í öllum árgangnum. Þar á eftir voru úrslit í Tónbergi í apríl. Þau tóku líka þátt í gerð jólasveinaleikrits um jólin og var það mjög skemmtilegt og lærdómsríkt.




*Ritnefnd: Ólafur Ían, Árdís Eyja, Sólrún Lilja, Gísli Freyr, Málfríður Júlía og Brynhildur Helga.*

## Spurt og svarað



**Álfrún Embla Hrannarsdóttir, 8 ára**

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-Endalaust
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Fimleikastjarna
*Hvað er þúsundfætla með marga fætur?*
-1000
*Hvað er Eygló textílmenntakennari gömul?*
-63 ára



**Daníel Ingi Jóhannesson, 9 ára**

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-200 billjónir, skrilljónir
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Fótboltamaður
*Hvað er þúsundfætla með marga fætur?*
-5000
*Hvað er Eygló textílmenntakennari gömul?*
-67 ára

# Myndir frá sýningu í list- og verkmennt

















# Nemendafélag Grundaskóla

Að venju er líflegt og skemmtilegt starf hjá Nemendafélagi Grundaskóla. Stjórn félagsins skipa fulltrúar allra bekkja í unglingadeildinni auk formanns og varaformanns sem eru kosin í almennum kosningum meðal nemenda.

Í ár er Atli Teitur Brynjarsson formaður og Ylfa Örk Davíðsdóttir varaformaður. Auk þeirra eru Þór Llorens, Ólöf, Tinna og Karen úr 10. bekk; Ylfa Claxton, Róberta Lilja, Hlöðver Már, Katla Kristín, Rakel Rún og Ísabella úr 9. bekk og Ísak Bergmann, Dagný, Gylfi, Ísak Örn, Ástrós og Árný Stefanía úr 8. bekk.

Ráðið vinnur vel saman við að framkvæma og skipuleggja ýmsa viðburði. Einnig hefur félagið verið í góðri samvinnu við nemendaráð Brekkubæjarskóla og Arnardalsráð varðandi ýmsa viðburði (böll o.fl.) og hefur það gengið nokkuð vel. Við héldum nokkur böll á árinu, þar af þrjú í sal Grundaskóla, haustball, jólaball og árshátíð. Við höfum staðið fyrir húllumhæ degi, fótboltamóti og fleiri viðburðum. Einnig var haldið árlegt málþing sem var með breyttu upplagi þetta árið, en núna voru sameinaðir fulltrúar bekkja úr báðum skólum auk þess sem Arnardalsráðið fékk að segja sínar hugmyndir um það hvernig hægt sé að stuðla að betra bæjarfélagi og bættu skóla- og félagsstarfi.

Þá stóð nemendafélagið fyrir hópferð á Skólahreysti þar sem rúmlega 100 nemendur fóru með og hvöttu okkar lið til dáða, en það skilaði sér í sigri liðsins í Vesturlandsriðlinum og












komst Grundaskóli beint í úrslit Skólahreysti. Við stóðum einnig fyrir hópferð á úrslitin þar sem við stóðum okkur ágætlega, en við stóðum uppi sem níundi hraustasti skólinn á landinu. Góður árangur hjá okkar fólki.

Hátónsbarka- og hæfileikakeppni skólanna var með sama sniði og í fyrra. Það voru þær Rakel Rún og María Dís úr Grundaskóla sem báru sigur úr bítum í Hátónsbarkakeppninni þetta árið en Andri Snær úr Brekkubæjarskóla sigraði í hæfileikakeppninni.

Þann 6. nóvember síðastliðinn var haldin gistinótt fyrir nemendur á unglingastigi Grundaskóla og gekk hún vel. Fjölmargir nemendur gistu og var hjálp foreldra gríðarlega mikilvæg.

Nemendafélagið var með dagskrá langt fram á nótt en margir nemendur vildu bara hanga og hafa það notalegt.

Árshátíðin var haldin 29. apríl en það var hann Hallur Flosason sem sá um veislustjórn og Björn Bragi kom og var með uppistand. Það voru síðan þeir Jón Jónsson og DJ Red sem sáu um ballið. Tæplega 300 manns mættu og skemmtu sér konunglega á árshátíðinni.

Að lokum vill NFG þakka öllum sem hjálpuðu á einhvern hátt við félagsstarfið á skólaárinu kærlega fyrir hjálpina.





# *Spurt og svarað*



### *Salka Hrafns Elvarsdóttir, 9 ára*

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-Óteljandi
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Hárgreiðslukona
*Hvað er þúsundfætla með marga fætur?*
-10 000
*Hvað er Eygló textílmenntakennari gömul?*
-73 ára



### *Ellert Kári Samúelsson 9ára*

*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
-Óteljandi
*Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*
-Bíómyndahöfundur eða leikari
*Hvað er þúsundfætla með marga fætur?*
-1000
*Hvað er Eygló textílmenntakennari gömul?*
-57ára

# Stærðfræðkeppni grunnskólanna

Föstudaginn 26. febrúar stóð Fjölbrautaskóli Vesturlands í 18. sinn fyrir stærðfræðikeppni fyrir efstu bekki grunnskóla á Vesturlandi og víðar. Að þessu sinni tóku þátt í keppninni yfir 100 nemendur.

Keppnin er með nokkuð öðru sniði en hefðbundin verkefni úr kennslubókum og sum dæmin eru ansi erfið.

Mjög góð þátttaka var í ár en yfir 50 nemendur í 8. - 10. bekk tóku þátt. Nemendur Grundaskóla stóðu sig vel að vanda. Efstu 10 í hverjum árgangi fengu viðurkenningu en verðlaun eru fyrir þrjú efstu sætin.

Eftirtaldir nemendur Grundaskóla voru í 10 efstu sætum og Kolbeinn Tumi hreppti verðlaunasæti í 8. bekk. Við óskum þeim öllum til hamingju með góðan árangur.

***8. bekkur***
3. Kolbeinn Tumi Kristjánsson
4-10. Arnar Már Kárason
4-10. Heiður Dís Kristjánsdóttir
4-10. Finnbogi Laxdal Aðalgeirsson
4-10. Erla Karítas Jóhannesdóttir

***9. bekkur***
4-10. Guðmundur Þór Hannesson

***10. bekkur***
5-10. Atli Teitur Brynjarsson
5-10. Eðvarð Eyfjörð Axelsson
5-10. Kristmann Dagur Einarsson



# Pangea stærðfræðikeppnin

Pangea er spennandi keppni þar sem þúsundir ungmenna í Evrópu taka þátt. Þetta er í fyrsta sinn sem keppnin er haldin á Íslandi og 40 skólar tóku þátt.

Keppnin fór fram í þremur umferðum. Í fyrstu umferð skráðum við alla nemendur í 8. bekk og þar af komust 13 nemendur áfram í 2. umferð. Í úrslitin komust 35 nemendur úr öllum árgangnum á Íslandi og þar af tveir nemendur úr Grundaskóla þau Kolbeinn Tumi Kristjánsson og Ragnheiður H. Sigurgeirsdóttir.





# Skólahreysti

Undirbúningur fyrir keppnina í skólahreysti hófst í nóvember. Nokkrir nemendur komu og höfðu áhuga á að vera með í ár. Í fyrra náðum við ekki að komast í úrslitakeppnina í Laugardalshöll þannig að stefnan var sett á það. Hópurinn var orðinn þéttur og góður í janúar og lögðu nemendur mikið á sig, æfðu stíft og höfðu mikinn metnað til að standa sig. Við ætluðum áfram.

Undankeppnin fór fram í byrjun mars og voru það 6 nemendur sem tóku þátt í henni. Það voru þau Þór Llorens, Karen Þóris, Oskar og Daria sem kepptu fyrir Grundaskóla. Varamenn voru Róberta Lilja og Ísak.

Mikil stemmning var í skólanum og mættu yfir 100 nemendur í Garðabæinn til að styðja krakkana. Þau stóðu sig gríðarlega vel og var markmiðinu náð, Grundaskóli komst í úrslitakeppnina í Laugardalshöll. Sú keppni fór fram í lok apríl og æfði hópurinn sig vel fram að þeirri keppni. Nemendur voru klárir og gerðu sitt besta í keppninni. Við urðum fyrir smá óhappi í hraðabrautinni þar sem refsistigin reyndust okkur dýr. Við náðum því ekki alveg þeim markmiðum sem við ætluðum okkur en erum samt sem áður ánægð með okkar hóp og þá nemendur sem tóku þátt í þessu. Þau voru frábær.

Lokaniðurstaðan varð 9. sæti.

Áfram Grundaskóli!




# Snillinganámskeið

Á skólaárinu 2015-2016 í Grundaskóla hafa verið haldin þrjú Snillinganámskeið í samvinnu við Brekkubæjarskóla.

Iðjuþjálfarnir Vilborg Lárusdóttir og Rósa María Sigurgeirsdóttir sem starfa hvor í sínum skólanum sáu um námskeiðshald. Námskeiðið var með þeim hætti að þremur börnum í hvorum skólanum fyrir sig var boðin þátttaka og var námskeiðið síðan haldið eftir skóla í Þorpinu.

Markmið námskeiðsins er að efla færni barna með ADHD á ýmsum sviðum. Með aukinni þekkingu á þessari röskun hefur komið í ljós að oft þarf að skerpa á færni barna með ADHD í samskiptum, tilfinningastjórnun, sjálfsstjórn og úrvinnslu upplýsinga. Á Snillinganámskeiðinu læra þau meðal annars að taka tillit til annarra, að kynnast öðrum og komast inn í leik á jákvæðan hátt, að ná tökum á reiði með ýmsum aðferðum, lesa eigin og annarra líðan úr aðstæðum, að leysa vandamál, stoppa sig af þegar aðstæðurnar krefjast þess og margt fleira. Lögð er áhersla á að börnin læri ekki eingöngu nýjar aðferðir á námskeiðinu heldur fái einnig tækifæri til að æfa sig í samvinnu við hin börnin og þjálfara. Í viðbót við innihald þessa námskeiðs fá börnin einnig tækifæri til að vinna ýmis verkefni á tölvu sem reyna á vinnsluhraða og vinnsluminni.

Markmiðið með þessum verkefnum er að auka færni barna með athyglisvanda við að flokka og vinna markvisst úr upplýsingum. Þar af leiðandi ætti þeim að ganga betur að halda í minni og vinna með þær upplýsingar sem þau taka við í daglegu lífi og eru nauðsynlegar til að leysa vandamál og verkefni, þá sérstaklega í tengslum við skólavinnu og frammistöðu í námi.



# Boðsundskeppni grunnskólanna

Þann 8. mars hélt Sundsamband Íslands Boðsundskeppni grunnskólanna í Laugardalslaug í þriðja sinn. Keppt er í 8x25 m sprettum. Fjórar stelpur og fjórir strákar mynda hvert lið og er keppt í tveim aldursflokkum, miðstigi (5.-7. bekkir) og unglingastigi (8.-10. bekkir). Þetta er útsláttarkeppni þannig að þegar öll lið í hverjum flokki hafa lokið keppni þá fara 8 hröðustu áfram, síðan 4 og loks 2 lið. 34 skólar voru með í ár og keppendur um 500 talsins en skólar máttu senda eins mörg lið og þeir vildu.

Krakkar frá Grundaskóla tóku þátt núna í fyrsta sinn og er skemmst frá því að segja að þau stóðu sig öll frábærlega. Unglingastigsliðið vann sinn riðil og komst í 8 liða keppnina og voru svo bara nokkrum sekúndubrotum frá því að komast í fjögurra liða úrslitin - æsispennandi keppni!

Miðstigið gerði enn betur og komst í fjögurra liða úrslitin, endaði þar í 3. sæti og fór heim með bronspening um hálsinn.

Þetta var einstaklega skemmtilegt mót þar sem saman komu krakkar sem æfa sund af fullum krafti og aðrir sem æfa ekki sund, en allir voru jákvæðir og til í að gera sitt allra besta með bros á vör. Héðan í frá verðum við í Grundaskóla með keppendur á hverju ári í þessu móti.

Krakkarnir okkar sem stóðu sig svona frábærlega og mynduðu liðin voru eftirfarandi.

*Frá miðstigi:*
Aníta Sól Gunnarsdóttir,
Auður Elísa Kristjánsdóttir,
Ármann Ingi Finnbogason,
Bergur Breki Stefánsson,
Dagbjört Líf Guðmundsdóttir,
Dagur Karl Líndal,
Logi Mar Hjaltested,
Ragnheiður Karen Ólafsdóttir.

*Unglingastig:*
Ásgerður Jing Laufeyjardóttir,
Droplaug Hafliðadóttir,
Ísak Örn Elvarsson,
Júlía Rós Þorsteinsdóttir,
Kolbeinn Tumi Kristjánsson,
Oliver Stefánsson,
Matthildur Hafliðadóttir
Natanael Bergmann Gunnarsson.

*Kveðja, íþróttakennarar*





# Að byrja í nýjum skóla

**Það er stórt skref fyrir nemendur á grunnskólaaldri að flytja á milli skóla. Við fengum þrjá nýja nemendur í 8. bekk til að segja okkur frá því hvernig þeirra reynsla var af því að koma hingað og byrja í Grundaskóla í vetur.**



Ég var fyrst í Heiðarskóla en kom í Grundaskóla í haust. Ég var pínu stressuð um að ég myndi ekki eignast vini en ég átti samt vinkonu áður sem er í Grundaskóla. Við vorum fimm í bekk í Heiðarskóla svo það var pínu skrítið að vera 20 í bekk og 60 í árgangi en ég var fljót að venjast því og allir krakkarnir voru mjög góðir og skemmtilegir við mig. Allir tóku vel á móti mér og núna vil ég ekki vera í neinum öðrum skóla en Grundaskóla.

***Lilja Þórey, 8.MÁ***



Ég var spenntur fyrir því að koma í Grundaskóla en ég hafði aldrei áður verið í þessum skóla. Einnig sá ég tækifæri á nýjum stað. Mér líður vel í skólanum, ég hef verið í mörgum skólum og mér finnst Grundaskóli frábær. Krakkarnir og kennararnir eru góðir.

***Sigurður 8. SG***



Að byrja í nýjum skóla er ekki auðvelt fyrir alla. Ég er einmitt á aldrinum sem er erfitt að flytja og skipta um skóla. Mér fannst erfitt að fara frá vinum mínum úr hinum skólanum, en að byrja í Grundaskóla er alveg æðislegt. Allir tóku vel á móti mér og voru duglegir að passa að ég yrði ekki ein. Stelpurnar hafa tekið vel á móti mér og alla daga hlakka ég til að mæta í skólann. Ég hef eignast góðar vinkonur á Akranesi bæði í skólanum og í fimleikunum.

***Ásdís 8. SG***





# Listamenn á unglingastigi

Gróa Dagmar Gunnarsdóttir er ungur og efnilegur listamaður í 9. MKÓ. Hún hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum og sýningum í samstarfi við aðra nemendur og kennara í skólanum. Gróa Dagmar er líka mjög dugleg við að leyfa listrænum hæfileikum sínum að njóta sín við fjölbreytta verkefnavinnu í skólanum. Hér eru nokkrar myndir eftir hana.



# Vinaliðar

Á þessu skólaári höfum við verið að vinna svokallað vinaliðaverkefni á miðstiginu í nánu samstarfi við miðstig Brekkubæjarskóla. Verkefnið er norskt að uppruna en hér á landi er það fóstrað í Árskóla á Sauðárkróki. Markmið með vinaliðaverkefninu er að bjóða uppá fjölbreytta afþreyingu í frímínútum, fá sem flesta til þátttöku í leikjum og um leið sporna gegn einelti á skólalóðinni.

Fjóra daga í viku skiptast 36 vinaliðar á að undirbúa og stjórna leikjum fyrir samnemendur sína en hver sem er getur orðið vinaliði. Hver bekkur tilnefnir á hausti og aftur í janúar fjóra nemendur sem þeir treysta til að vera vinaliðar og eru vingjarnlegir og hjálpsamir.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og skólaliðar á miðstiginu halda utan um verkefnið með vinaliðum. Fundir eru aðra hverja viku þar sem ákveðnir eru leikir fyrir næstu tvær vikurnar, farið er yfir það sem gengur vel og einnig það sem betur má fara. Þau læra einnig nýja leiki og farið er yfir það hvernig skuli stjórna og halda utan um leiki. Mikil áhersla er einnig lögð á það að vinaliðar bjóði öllum að vera með og séu sanngjarnir, hvetjandi og hjálpsamir.

Ákveðið var að byrja með vinaliða á miðstiginu og vegna þess hversu vel það hefur mælst fyrir hjá nemendum og starfsmönnum, hefur verið ákveðið að bæta við nemendum af yngsta stigi og unglingastigi við upphaf næsta skólaárs. Það er mikil tilhlökkun að kynna verkefnið fyrir öllum nemendum skólans.









# Guðbjartur Hannesson

†

*Deyr fé, deyja frændur*
*deyr sjálfur ið sama.*
*En orðstír*
*deyr aldregi*
*hveim er sér góðan getur.*
(Úr Hávamálum)

Að morgni föstudagsins 23. október barst okkur fréttin um andlát Guðbjarts Hannessonar, alþingismanns og fyrrverandi ráðherra en í okkar huga fyrst og síðast fyrrum skólastjóra Grundaskóla.

Við áttum langt og farsælt samstarf við Gutta eins og hann var alltaf kallaður, en hann var líka náinn vinur okkar. Á þann vinskap féll aldrei skuggi þótt við værum ekki alltaf sammála. Hann þoldi vel og hafði jafnan gaman af samræðum um menn og málefni. Hann var alltaf málefnalegur og hélt okkur við efnið ef út af því var brugðið.

Gutti var fyrsti skólastjóri Grundaskóla og hugmyndasmiður á bak við þá skólastefnu sem lögð var til grundvallar og er enn til staðar. Hugmyndir hans hafa einfaldlega staðist tímans tönn. Í hans huga skiptu börnin mestu máli, velferð þeirra og að þeim liði vel í skólanum. Hann þekkti alla nemendur með nafni og lét sig varða líðan þeirra og fjölskyldna. Hlutverk skólans og starfsmanna hans var að styðja við börnin og hafa trú á þeim. Allir gætu eitthvað og enginn gæti allt,  en allir ættu að gera sitt besta, hver á sínum eigin forsendum.

Það var einlæg skoðun Gutta að skólinn ætti að vera hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu og frá upphafi var lögð áhersla á samstarf við alla þá sem áttu aðild að skólasamfélaginu. Hann vildi að allir fyndu sig velkomna í skólann sem væri opinn þeim sem vildu nýta hann.

Gutti  var bæði mikill leiðtogi og góður stjórnandi. Hvorutveggja var honum eðlislægt þótt líklega hafi honum oftast þótt vænna um og mikilvægara að vera leiðtogi í öflugum hópi. Liðsheildin skipti hann máli. Hann réði gjarnan að skólanum fólk sem hafði frumkvæði og var tilbúið að leggja sitt af mörkum til að gera góðan skóla betri. Hann gerði miklar kröfur til starfsmanna en mestar til sjálfs sín.

Þeir sem til þekkja vita að Gutti var þungavigtarmaður í skólastarfi á Akranesi en kennsluferill hans hér hófst í Brekkubæjarskóla. – Síðar lagði hann grunn að frábæru starfi Grundaskóla sem hlaut árið 2005 fyrstur skóla Íslensku menntaverðlaunin fyrir frábært skólastarf. Það var mikil viðurkenning fyrir Grundaskóla og Akurnesinga alla en  heiðurinn var ekki síst Gutta.

Þótt hann væri í eðli sínu einlægur jafnaðarmaður var Gutti einnig mikill keppnismaður og vildi hag



bæjarfélagsins, ÍA og Akurnesinga almennt sem mestan. Hann var alltaf sanngjarn og fór ævinlega að leikreglum. Orð sr. Friðriks Friðrikssonar að láta kappið ekki bera fegurðina ofurliði áttu vel við um starfshætti Gutta og hugsun.

Fyrrverandi nemendur Grundaskóla hafa sagt að maður útskrifist úr skólanum en yfirgefi hann ekki. Það átti við um Gutta. Þótt hann léti af störfum sem skólastjóri kom hann reglulega og hitti sitt fólk, sótti alla viðburði sem skólinn stóð fyrir og var raunverulegur þátttakandi í skólastarfinu alla tíð. Síðast kom hann í heimsókn í september síðastliðnum þá orðinn veikur. Hann brosti þó enn sínu hlýja brosi, fékk sér kaffi og konfekt og spjallaði.

Í dag lúta nemendur og starfsmenn Grundaskóla höfði í virðingu og þökk fyrir áratuga samveru, samstarf og vináttu. Gutti gleymist engum sem kynntust honum. Það er okkar hlutverk að halda nafni hans og starfi á lofti með því að vinna stöðugt að því að gera góðan skóla betri.

Fyrir hönd nemenda og starfsmanna Grundaskóla sendum við okkar innilegustu samúðarkveðjur til Sigrúnar, Birnu, Hönnu Maríu og fjölskyldunnar allrar. Megi minning um góðan dreng lifa.

*Hrönn Ríkharðsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson.*

## Samsýning 9 nemenda og 4 kennara úr Grundaskóla

# *Þar sem maður hittir mann*

*. . . að heilsast og kveðjast það er lífsins saga* (Páll J. Árdal)

Þar sem maður hittir mann er verkefni þar sem nemendur og kennarar í Grundaskóla komu saman sem jafningjar, lærðu saman og unnu saman að því að setja upp listsýningu.

Leiðbeinandi verkefnisins var Helena Guttormsdóttir listakona. Í byrjun var Helena með fyrirlestur sem hjálpaði þátttakendum að hugsa út fyrir rammann um það hvar og hvernig maður hittir mann. Einnig fengum við Margréti Oddnýju Leópoldsdóttur listakonu til liðs við okkur með námskeið í munsturgerð.

Markmið verkefnisins var að samþætta ólíkar listgreinar og stuðla að samvinnu nemenda og kennara óháð aldri og reynslu. Á



sýningunni voru verk unnin með mismunandi tækni auk þess sem þrír nemendur gerðu stuttmynd. Verkefnið var styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Akraneskaupstað og lauk með sýningu á Vökudögum.

Þátttakendur: Andri Freyr Eggertsson, Borghildur Jósúadóttir, Bryndís Siemsen, Daria Fijal, Fylkir Jóhannsson, Eygló Gunnarsdóttir, Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, Ísak Máni Sævarsson, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Logi Breiðfjörð Franklínsson, Ronja Rut Hjartardóttir, Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsdóttir og Steinunn Guðmundsdóttir









# Nadezda Edda Tarasova †



Að morgni miðvikudagsins 13 apríl bárust okkur þau hörmulegu tíðindi að Nadia, samstarfskona okkar til margra ára, hefði látist um nóttina voveiflega.  Það voru þung spor að upplýsa starfsmenn og foreldra. Allir voru harmi lostnir.

Þegar sorg ber dyrum er gott að geta yljað sér við góðar minningar. Við getum í einlægni sagt að við eigum bara góðar minningar um Nadiu. Það eru rúm tíu ár síðan hún spurðist fyrir um vinnu í Grundaskóla. Sagðist vera rússnesk og sundkennari að mennt. Við gátum ekki ráðið hana sem sundkennara en hún vildi fyrst og fremst fá einhverja vinnu til að að geta kynnst fólki enda nýflutt til Akraness. Hún bar af sér góðan þokka og við töldum hana geta fallið vel inn í góðan starfsmannahóp. Við buðum henni því að koma sem skólaliði í fyrstu og sjá svo til hvernig henni félli starfið. Í stuttu máli sagt hefur hún verið hjá okkur síðan.

Nadia var eins og áður sagði skólaliði en í því starfi felst fyrst og síðast mikil vinna með börnum en einnig ræstingar. Hvoru tveggja átti vel við hana. Nadia var afar samviskusöm og elskuleg í alla staði, hafði mikla útgeislun sem gladdi og fallegt bros sem bræddi. Það var ekki mikill hávaði í kringum hana og við veltum því stundum fyrir okkur hvort henni leiddist í vinnunni. En hún brosti sínu ljúfa brosi og fullvissaði okkur um að svo væri ekki. Henni þótti gott að vera í vinnunni, þótti vænt um skólann, samstarfsmenn og nemendur.

Öllum í Grundaskóla þótti vænt um Nadiu en það er varla á nokkurn hallað þótt Rúna okkar sé sérstaklega nefnd hér. Á milli þeirra varð til djúp og einlæg vinátta sem aldrei bar skugga á. Rúna reyndist hennar stoð og stytta í áranna rás og saknar nú vinar í stað.

Í ljóði Braga Valdimars Skúlasonar segir:

*Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt*
*sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt*
*hverju orði fylgir þögn – og þögnin hverfur alltof fljótt.*
*En þó að augnablikið aldrei fylli stund*
*skaltu eiga við það mikilvægan fund*
*því að tár sem þerrað burt – aldrei nær að græða grund.*

*Líttu sérhvert sólarlag,*
*sem þitt hinsta væri það.*
*Því morgni eftir orðinn dag*
*enginn gengur vísum að.*
*Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr*
*enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.*
*Því skaltu fanga þessa stund – því fegurðin í henni býr.*

Þetta er afskaplega fallegur texti sem segir svo ótrúlega margt en einkum það að njóta hvers einasta dags, hverrar stundar, hvers augnabliks. Við höfum undanfarnar vikur einmitt rifjað upp daga, stundir, augnablik með Nadiu og hefðum svo gjarnan viljað hafa hana með okkur lengur.

Í dag kveðjum við Nadiu okkar hinsta sinni. Við erum þakklát fyrir þann tíma sem við áttum með henni. Við gleðjumst yfir öllum góðu minningunum sem eru tengdar henni og munu ylja okkur um ókomin ár. Lífið verður að halda áfram en Nadia verður ávallt hluti af hópnum okkar og við gleymum henni ekki. Samstarfsmenn Nadiu og nemendur í Grundaskóla lúta höfði og kveðja góðan vin sem kvaddi alltof snemma.

Hugur okkar er hjá fjölskyldu Nadiu sem var henni afar mikilvæg og við vottum þeim innilega samúð.

*Hrönn Ríkharðsdóttir.*

# „Án fræðslu hins liðna sést ei hvað er nýtt"

## Rætt við Hrönn Ríkharðsdóttur, skólastjóra

Hrönn Ríharðsdóttir lætur af störfum sem skólastjóri Grundaskóla í vor eftir nærri 40 ára starfsferil, þar af 22ja ára starf hér í Grundaskóla. Hrönn hefur verið einstaklega farsæl í starfi sínu hér, fyrst sem kennari, síðan aðstoðarskólastjóri og loks sem skólastjóri. Í tilefni af þessum tímamótum settumst við hjá Púlsinum niður með Hrönn og spurðum hana nokkurra spurninga.

*Hvernig atvikaðist það að þú ákvaðst að gerast kennari og sóttir síðan um starf í Grundaskóla?*

Ég byrjaði að kenna 1978 í Fjölbraut og það bara gerðist . . . ætlaði það ekkert endilega. Sótti um og var ráðin. Ég hef aldrei séð eftir þeirri ákvörðun.

Ég var síðan í Brekkubæ í 10 ár og kom hingað í forföll í desember 1994. Þá var ekki aftur snúið.

*Hvað ertu búin að starfa hér í mörg ár?*

Ég kom í forföll í lok desember 1994 og hef verið hér síðan, þ.e. í 22 ár.

*Nú hefur þú prófað ýmis störf hér í skólanum. Er mikill munur á því að vera kennari, aðstoðarskólastjóri og svo skólastjóri?*

Það er auðvitað eðlismunur á þessum störfum en þau eru öll bæði krefjandi og gefandi. Erfitt að bera þau saman að öðru leyti. Þegar upp er staðið skiptir mestu máli að hafa fengið tækifæri til að skoða mál frá ólíku sjónarhorni.

*Hverjar eru stærstu breytingarnar sem þú hefur upplifað á þínum starfsferli hér í Grundaskóla?*

Fjölgun nemenda og einsetning skólans eru held ég stærstu málin. Við höfum alltaf verið heppin með starfsfólk og foreldrar ævinlega verið öflugir bakhjarlar.

*Er eitthvað úr skólastarfi fortíðarinnar sem þú saknar í dag?*

„Að fortíð skal hyggja ef framtíð skal byggja. Án fræðslu hins liðna sést ei hvað er nýtt . . ." segir í ljóði Einars Ben. Ég sakna kannski ekki neins sérstaks þannig séð, en til að njóta þess sem við höfum í dag er mikilvægt að minnast þess sem var. Það hefur margt áunnist og aðstæður eru ansi frábrugðnar því sem var þegar ég byrjaði að kenna fyrir hartnær 40 árum.

*Hvaða hefðir hafa skapast hér í skólanum og hvaða máli skipta þær fyrir nemendur og starfsfólk?*

Árshátíðir nemenda og litlu jólin eru endalaus uppspretta ánægju og allir eru með. Það er t.d. yndislegt að sjá nemendur í 10. bekk leiða fyrstu bekkinga á



síðustu litlu jólunum og enginn skorast undan. Síðan má nefna samsönginn frá í gamla daga og stóra samsönginn síðustu árin. Tónleikarnir Ungir/gamlir og frumsamdir söngleikir bera vitni um stórhuga starfsmenn og hæfileikaríka nemendur. Þetta eru allt hefðir sem nemendur taka þátt í og koma fram. Þeir eru líka þátttakendur í kaffistofukeppninni í desember nú orðið.

Síðan verð ég að nefna Grundovision sem er óvissuferð starfsmanna í skólalok ár hvert. Tær snilld. En hún er bönnuð börnum! Og í ár héldum við í fyrsta sinn árshátíð starfsmanna sem tókst alveg frábærlega og er komin til að vera. Ég er strax farin að hlakka til þeirra næstu.

En mikilvægast af öllu er samt það gagnkvæma traust milli nemenda og starfsfólks sem alltaf hefur verið til staðar og skapar þann góða anda sem er í Grundaskóla.

*Grundaskóli hefur náð góðum árangri og nýtur mikillar virðingar í skólasamfélaginu á Íslandi – var t.d. fyrsti skólinn til að hljóta íslensku menntaverðlaunin. Hvað er það í Grundaskóla sem hefur skilað þessum góða árangri?*

Að mínu mati er það áherslan sem lögð hefur verið á vellíðan nemenda og að þeir séu útgangspunktur í öllu starfi skólans.

*Nú verður samfélagið hér á Akranesi sífellt fjölbreyttara og nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað á síðustu árum. Hvernig hefur Grundaskóla tekist að takast á við þá áskorun?*

Hér var á sínum tíma móttökudeild fyrir nýbúa og afturför að hún var lögð niður. Það vantar fleiri kennslustundir til að sinna þessum málum svo vel sé. Við höfum gert margt vel en það er enn verk að vinna. Samfélagið allt á Akranesi þarf að standa saman að málefnum nýrra Íslendinga á öllum aldri og búa þeim aðstæður sem gera þeim kleift að aðlagast lífi í nýju landi.



*Hvernig myndir þú lýsa Grundaskóla sem vinnustað?*

Hér er gott fólk og gott að vera. Við erum ekki alltaf sammála um hluti en stöndum saman sem einn maður þegar á reynir.

*Er alltaf gaman að vera skólastjóri, eða hefur þetta starf líka einhverjar neikvæðar hliðar?*

Það er oftast gaman að vera skólastjóri í Grundaskóla. Helst eru það erfið nemendamál sem valda hugarangri. Þau er oft erfitt að leysa eða koma til móts við alla.

*Hvað er skemmtilegast við að vera skólastjóri?*

Samskiptin við nemendur gefa lífinu lit. Því til viðbótar eru það margs konar tengsl við samstarfsfólk, foreldra og aðra samstarfsaðila sem skipta miklu máli.

*Hvort telur þú sjálfa þig vera betri kennara eða skólastjóra?*

Þegar stórt er spurt verður fátt um svör. Vonandi hef ég staðið mig vel á báðum sviðum en ég saknaði þess lengi að vera ekki að kenna. Undanfarin ár hef ég svo einbeitt mér að skólastjórastarfinu og líkað það vel.

*Hvaða eiginleikar þínir hafa notið sín best í þínu starfi sem skólastjóri?*

Ég er frekar skipulögð og talnaglögg. Það hefur hjálpað mikið. Ég er frekar hvatvís að eðlisfari en hef með árunum orðið flinkari í að hinkra og hugsa mig um. Ég er líka auðmjúkari nú en áður sem hefur reynst mér vel.

*Ef þú mættir gefa eftirmanni þínum í starfi skólastjóra eitt gott ráð, hvert myndi það þá vera?*

Ég myndi gefa honum ráðið sem Ásta Egils gaf mér á sínum tíma: Hinkraðu við og hugsaðu málið.

*Hvað er nú framundan hjá þér sjálfri eftir að þú hættir störfum sem skólastjóri?*

Ég ætla til að byrja með að njóta þess að geta ráðstafað tímanum mínum sjálf. Svo sjáum við bara til. Það rekur örugglega eitthvað skemmtilegt á fjörur mínar.

Við þökkum Hrönn kærlega fyrir spjallið um leið og við þökkum fyrir samstarfið og samveruna hér í Grundaskóla í gegnum árin. Einnig óskum við henni velgengni í þeim verkefnum sem nú taka við, því góðir hlutir laðast jafnan að góðu fólki og eins og hún segir sjálf, þá rekur örugglega eitthvað skemmtilegt á fjörur Hrannar þó að hún standi nú upp úr stólnum á skrifstofu skólastjóra Grundaskóla.



**1. VEG**
*Aftasta röð frá vinstri:*
*Ragnheiður Þórðardóttir, Judite Guðbjörg da Silva, Lena Sesselia Wiesztal, Davíð Leó Hafþórsson, Fjalar Þórir Óttarsson, Aldís Karen Stefánsdóttir, Jón Auðunn Jónsson, Theodór Orri Arilíusson, Viktor Gaciarski, Ari Styrmir Almarsson, Eygló Karlsdóttir, Hreinn Bergmann Sigurðsson, Valgerður Valsdóttir.*
*3. röð frá vinstri:*
*Ólafur Ólafsson, Gunnhildur Björnsdóttir, Ása Brynja Fannarsdóttir, Írena Rut Mareksdóttir Binkowska, Viktoría Thelma Ólafsdóttir, Gabriel Cieslak, Karen Líf Viðarsdóttir, Telma Kristín Ingvarsdóttir, Linda Kristey Gunnarsdóttir, Tinna Björg Jónsdóttir, Sindri Leó Róbertsson, Atli Freyr Bjarnason, Elín Anna Viktorsdóttir, Hrafnhildur Helga Arnardóttir, Jónas Laxdal Aðalgeirsson, Daníel Guðjónsson.*
*2. röð frá vinstri:*
*Rakel Irma Aðalsteinsdóttir, Freyja Ísfold Guðmundardóttir, Anna Lísa Axelsdóttir, Alexander Fijal, Arnór Breki Guðjónsson, Ester Guðrún Sigðurðardóttir, Isak Theodor Eidem, Eva Þóra Sigurjónsdóttir, Aldís Ingibjörg Ísólfsdóttir, Katrín Lára Sveinbjörnsdóttir, Jóhanna Vilborg Guðmundsdóttir, Elías Marvin Ingólfsson.*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Maksymilian Marek Zak, Helgi Freyr Ómarsson, Jóhann Máni Ástþórsson, Róbert Leó Steinþórsson, Hilmar Oddur Arnórsson, Marta Sóley Helgadóttir, Aþena Líf Vilhjálmsdóttir, Svava Guðfinna Ingvarsdóttir, Viktoría Vala Hrafnsdóttir, Eldór Frosti Halldórsson, Sigurður Kai Jóhannsson.*

*Á myndina vantar: Lovísu Daðadóttur, Harald Stefni Heiðarsson Waage, Viktoríu Halldórsdóttur.*



**2. EJ**
*Aftasta röð f.v.*
*Rafael Már Cabrita, Arnar Páll Sigmarsson, Arnar Már Garðarsson, Nikola Jadwizyc, Júlía Michalek, Nökkvi Snorrason, Saga Dís Davíðsdóttir.*
*Miðröð f.v.*
*Jenný Lind Hannesdóttir, Aleksander Palinski, Ísak Logi Jónasson, Anna Málfríður Ottesen, Lilja Sól Bjarnadóttir, Karl Magnús Kristjánsson*
*Fremsta röð f.v.*
*Barbara Davis, Valdís Ramundt Kristinsdóttir, Styrmir Jóhann Ellertsson, Sævar Hrafn Sævarsson, Sunna Dís Skarphéðinsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir.*

*Á myndina vantar Silvíu Björg Einarsdóttur.*



**2. MRJ**
*Aftasta röð f.v.*
*Elín Birna Ármannsdóttir, Emilía Kristín Guðjónsdóttir, Birta Maren Kristjánsdóttir, Aðalheiður Lára Guðlaugsdóttir, Birkir Hrafn Samúelsson, Ása Katrín Harðardóttir, Vala María Sturludóttir*
*Miðröð f.v.*
*Tryggvi Rafn Ingimarsson, Jökull Viktor Jakobsson, Guðmundur Hrafnkell Daðason, Jón Þór Finnbogason, Sunna Rún Sigurðardóttir, Bjarki Berg Reynisson, Helena Hrönn Baldvinsdóttir, Margrét Rós Jósefsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.*
*Arnar Gunnarsson, Ásrún Silja Andradóttir, Magnús Orri Ólafsson, Skúli Hrafn Viðisson, Þórkatla Þyrí Sturludóttir, Adam Agnarsson, Aldís Ósk Arnardóttir.*

*Á myndina vantar: Vigdísi Birnu Arnþórsdóttur.*

**2. SRR**
*Aftasta röð f.v.*
*Elísabet Fróðný Eiríksdóttir, Guðrún Ágústa Káradóttir, Arnar Freyr Brynjarsson, Jóhannes Már Daníelsson, Árni Daníel Grétarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Kara Líf Traustadóttir.*
*Miðröð f.v.*
*María Erla Björnsdóttir, Aldís Ösp Elvarsdóttir, Tinna Pálsdóttir, Aldís Lilja Viðarsdóttir, Sara Dís Óskarsdóttir, Ásrún Jónsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.*
*Aron Óttar Bergþórsson, Ívan Þór Reynisson, Ísak Davíð Þórðarson, Sigurður Brynjarsson, Árni Hrafn Gíslason, Róbert Óttarsson, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir.*

*Á myndina vantar: Ronju Völu Gísladóttur og Benedikt Víking Rúnarsson.*





**3. EBD**
*Aftasta röð f.v. Óskar Sindri Ármannsson, Guðjón Ívar Granz, Snorri Már Óttarsson, Víkingur Geirdal Gíslason, Magnús Ingi Sturluson, Morten Ottesen.*
*Næst aftasta röð f.v. Eydís Glóð Guðlaugsdóttir, Margrét Elva Fjölnisdóttir, Marinó Ísak Dagsson, Birgir Örn Jónasson, Freyja Kristný Sævarsdóttir.*
*Næst fremsta röð f.v. Halldór Arnarsson, Bríet Saga Kjartansdóttir, Rannveig María Gísladóttir, Sverrir Elí Guðnason, Íris Arna Ingvarsdóttir, Elín Björk Davíðsdóttir.*
*Fremsta röð f.v. Ágúst Óðinn Ásgeirsson, Askur Björn Líndal Þrastarson, Díana Ósk Víðisdóttir, Guðlaug Gyða Hannesdóttir, Björgvin Þór Helgason, Daníel Bergmann Einarsson.*



*3. KVH*
*Aftasta röð frá vinstri: Marta María Baldursdóttir, Logi Daðason, Mikael Aron Reynisson, Bríet Fönn Arnarsdóttir, Hákon Freyr Guðmundsson, Hilmar Veigar Ágústsson, Victoria Rán Garðarsdóttir.*
*Næst aftasta röð frá vinstri: Líf Hjálmsdóttir, Kolfinna Eir Jónsdóttir, Elvar Ísak Jessen, Kristín Ólína Guðbjartsdóttir, Bragi Friðrik Bjarnason.*
*Næst fremsta röð frá vinstri: Ísabella Ýr Pétursdóttir, Rebekka Klara Óskarsdóttir, Rakel Sara Ólafsdóttir, Gabríel Máni Benediktsson, Katrín Valdís Hjartardóttir.*
*Fremsta röð frá vinstri: Halldór Arnarsson, Sara Ósk Eyfjörð Hólmarsdóttir, Fannar Atli Victorsson, Andri Eyfjörð Unnarsson, Guðmundur Andri Björnsson, Sævar Þór Eggertsson.*

*Á myndina vantar Furu Claxton.*

*3. EHÞ*
*Aftasta röð f.v. Guðrún Karítas Sigurðardóttir, Óli Rafn Óskarsson, Kristinn Daði Lúðvíksson, Guðbrandur Ingi Guðjónsson, Máni Berg Ellertsson, Daníel Ingi Jóhannesson, Bergsteinn Mar Einarsson.*
*Miðju röð f.v. Hulda Þórunn Ellertsdóttir, Freyja Sif Eiríksdóttir, Katrín Lára Kristinsdóttir, Ingþór Snjólfsson, Kristofer Tomas Morelli,  Hringur Logi Sigurbjörnsson, Eyrún Helga Þorleifsdóttir.*
*Fremsta röð f.v. Íris Embla Andradóttir, Arna Karen Gísladóttir, Ísabella Ada Ívarsdóttir, Jóhanna Dagný Óskarsdóttir, Guðrún Jóna Guðbjartsdóttir, Dagur Kári Kristinsson, Ísólfur Darri Rúnarsson.*

*Á myndina vantar: Andra Þór Tinnuson, Álfrúnu Emblu Hrannarsdóttur og Bjarka Frey Sturluson.*





*4. ÁDO*
*Aftasta röð f.v. Ásgeir Marteinsson, Rakel Sif Stefánsdóttir, Hugrún Erla Arnarsdóttir, Ásdís Erlingsdóttir, Hlynur Örn Einarsson, Rúnar Breki Óskarsson, Bryndís Kjerúlf Kristinsdóttir og Ísak Elí Hallgrímsson.*
*Efri miðjuröð f.v. Anna María Sigurðardóttir, Gunnfríður Rakel Hannesdóttir, Embla Ósk Waage, Mateusz Kuptel, Bjarni Snær Skarphéðinsson og Hjörtur Hrafnsson.*
*Neðri miðjuröð f.v. Nökkvi Snorrason, Birta Marín Benediktsdóttir, Valdís Harpa Reynisdóttir, Bergþóra Edda Grétarsdóttir, Ísafold Lilja Benediktsdóttir og Árdís Dögg Orradóttir.*
*Fremsta röð f.v.  Hrannar Þór Svansson, Máni Blær Sigurgeirsson, Elvar Logi Guðjónsson og Gunnar Smári Sigurjónsson.*



**4. IHÓ**
*Aftasta röð f.v. Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir, Rúnar Sigurðsson, Karen Káradóttir, Balthasar Alexandersson Eck, Aron Benedikt Birgittuson og Tristan Freyr Traustason.*
*Efri miðjuröð f.v. Daði Snær Viktorsson, Viktor Daði Eggertsson, Felix Heiðar Magnason, Arina Pecorina, Salka Hrafns Elvarsdóttir, Gígja Kristný Stefánsdóttir og Elvar Daði Gíslason.*
*Neðri miðjuröð f.v. Gísli Stefán Gíslason, Birna Rún Þórólfsdóttir, Líf Ramundt Kristinsdóttir, Ragnar Páll Aðalsteinsson og Sara Pálsdóttir.*
*Fremsta röð f.v. Viðar Sigurþórsson, Ellert Kári Samúelsson, Hrannar Birgir Einarsson, Bjarnheiður Ninja Sigmundsdóttir og Lilja Björk Unnarsdóttir.*

**4. KDM**
*Aftasta röð f.v. Karen Þorgrímsdóttir, Sylvía Þórðardóttir, Helga Rós Ingimarsdóttir, Magnea Sindradóttir, Sara María Ármannsdóttir, Heiður Sara Arnardóttir, Katrín Þóra Þórðardóttir.*
*Miðjuröð f.v. Bryndís Kjerúlf, Tómas Týr Tómasson, Gabríel Llorens Einarsson, Arnbjörn Ingi Grétarsson, Guðni Maron Kristinsson, Kristrún Dögg Marteinsdóttir.*
*Fremsta röð f.v. Kristófer Aron Sigurjónsson, Konrad Gorajewski, Kristján Andri Valmundsson, Ragnar Kristinn Guðjónsson.*

*Á myndina vantar: Demi van den Berg, Elísu Daðadóttur, Sindra Snæ Ásgeirsson og Viktor Örn Einarsson.*





**5. IE**
*Aftasta röð f.v. Baldur Freyr Brynjólfsson, Daníel Prizginas, Pálmi Rúnar Ísólfsson, Tristan Sölvi Jóhannsson, Arnar Gaui Björnsson, Gísli Freyr Þorsteinsson.*
*Næst aftasta röð f.v. Gísli Fannar Ottesen, Júlíus Duranona, Gyða Alexandersdóttir, Ylfa Laxdal Unnarsdóttir, Berglind Huld Victorsdóttir.*
*Næst fremsta röð f.v. Thelma Björg Rafnkelsdóttir, Adrian Pawelczyk, Óskar Gísli Búason, Björk Davíðsdóttir.*
*Fremsta röð f.v. Haukur Andri Haraldsson, Rakel Ýr Granz, Arnar Freyr Brynjólfsson, Sara Ósk Waage, Aníta Sif Sigurbrandsdóttir, Ingibjörg Eggertsdóttir.*



**5. SÓ**
*Aftasta röð:*
*Guðmundur Skarphéðinn Gíslason, Kolbeinn Tumi Sveinsson, Nói Claxton, Hektor Bergmann Garðarsson, Pétur Jóhannes Óskarsson, Logi Mar Hjaltested,*
*Næst aftasta röð: Sigríður G. Ólafsdóttir, Ýmir Hjálmsson, Alex Tristan Sigurjónsson, Katrín Fjóla Ásgeirsdóttir, Amíra Þöll Ástrósardóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Ragna Sól Karlsdóttir, Rakel Katrín Sindradóttir, Rósa Kristín Hafsteinsdóttir.*
*Fremsta röð: Gylfi Kristinn Garðarsson, Hafrún Tinna Hafsteinsdóttir, Ragnheiður Hjálmarsdóttir, Garpur Ómar Arnarson, Daði Már Alfreðsson, Nicola Sadowoska, Íris Aðalsteinsdóttir.*

*Á myndina vantar: Dag Karl Líndal Þrastarson og Málfríði Júlíu Ingvarsdóttir.*

**5. LK**
*Aftasta röð f.v. Nikulás Mýrdal Sigurðsson, Hjalti Rafn Kristjánsson, Ólafur Bjarki Stefánsson, Þórður Freyr Jónsson, Jóel Thor Jóhannesson, Almar Kári Ásgeirsson, Viktor Berg Benediktsson, Jóel Duranona og Daði Freyr Gunnarsson.*
*Miðröð f.v. Daníel Breki Bjarkason, Katrín María Ómarsdóttir, Baldur Bent Vattar Oddsson, Kári Kristvinsson, Þórður Ingi Hjaltason og Óðinn Máni Gunnarsson.*
*Fremsta röð f.v. Victoria Þórey Þórðardóttir, Nína Dögg Hilmarsdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Unnur Ósk Ragnarsdóttir, Elvira Agla Gunnarsdóttir, Elsa Maren Steinarsdóttir og Laufey Karlsdóttir umsjónarkennari.*

*Á myndina vantar Birki Halldórsson og Birki Atla Brynjarsson.*





**6. ÍA**
*Aftasta röð frá vinstri: Jóhannes Breki Harðarson, Ólafur Haukur Arilíusson, Róbert Leó Gíslason, Eyþór Atli Árnason, Alexandra Ósk Reynisdóttir.*
*Næst aftasta röð frá vinstri: Hallur Flosason, Alexander Dagur Sigmarsson, Arthúr Bjarni Magnason, Gylfi Borgþór Sigurðsson, Dagbjört Líf Guðmundsdóttir, Íris Aðalsteinsdóttir.*
*Næst fremsta röð frá vinstri: Ármann Ingi Finnbogason, Ragnheiður Karen Ólafsdóttir, María Rún Ellertsdóttir, Ingi Þór Sigurðsson, Brynhildur Helga Viktorsdóttir.*
*Fremsta röð frá vinstri: Baldur Freyr Gylfason, Ingveldur Ósk Sigurðardóttir, Ástdís María Guðjónsdóttir, Kristófer Áki Hlinason, Davíð Ernir Jónsson.*

*Á myndina vantar Auði Elsu Kristjánsdóttur.*



**6. CBR**
*Aftasta röð f.v. Bjarki Brynjarsson, Aron Elvar Dagsson, Ólafur Ian Brynjarsson, Hafþór Örn Arnarson, Sindri Freyr Daníelsson.*
*Næst aftasta röð f.v. Ellert Lár Hannesson, Gabríel Þór Þórðarson, Hrafnkell Váli Valgarðsson, Aníta Sól Gunnarsdóttir, Una Þórdís Guðmundsdóttir, Kristrún Lára Bjarnadóttir*
*Næst fremsta röð f.v. Rúna Björk Guðmundsdóttir, Andrea Kristín Ármannsdóttir, Kristín Vala Jónsdóttir, Amber Ýr Taroni, Íris Rán Kristinsdóttir .*
*Fremsta röð f.v. Rebekka Rán Arnardóttir, Auður Þórhallsdóttir, Immanuel Ketill Morelli, Írena Dögg Arnarsdóttir, Agnes Rún Marteinsdóttir*

**6. HJ**
*Aftasta röð f.v. Petrún Berglind Sveinsdóttir, Birnir Már Þorvaldsson, Baldur Páll Stefánsson, Sölvi Snorrason, Bóas Orri Hannibalsson, Eysteinn Agnar Georgsson, Jón Gauti Hannesson.*
*Næst aftasta röð f.v. Bergur Breki Stefánsson, Tanýa Rán Pálsdóttir, Marey Edda Helgadóttir, Friðmey Ásgrímsdóttir, Einar Óli Hjaltason, Hrafnhildur Jónsdóttir umsjónakennari.*
*Næst fremsta röð f.v. Maron Reynir Sigurðsson, Elísabet Eir Magnúsdóttir, Elsa María Einarsdóttir, Tanía Sól Ragnarsdóttir, Guðmundur Sveinn Gunnarsson.*
*Fremsta röð f.v. Harpa Ósk Svansdóttir, Matthías Smári Sighvatsson, Margrét Lilja Jónsdóttir, Bergrún Birta Liljudóttir.*





**7. URÁ**
*Aftasta röð f.v. Hákon Arnar Haraldsson, Almar Daði Kristinsson, Gabríel Ísak Valgeirsson, Ásdís Ýr Þorgrímsdóttir, Haukur Einarsson, Embla Rún Mýrdal, Mikael Aron Birgisson, Ursula Ragna Ásgrímsdóttir*
*Næst aftasta röð f.v. Mirra Björt Hjartardóttir, Björn Viktor Viktorsson, Árni Salvar Heimisson, Ingimar Elfar Ágústsson, Helena Rós Sævarsdóttir*
*Næst fremsta röð f.v.: Védís Agla Reynisdóttir, Katín Lea Daðadóttir, Helgi Rafn Bergþórsson, Hekla María Arnardóttir, Matylda Pilicka*
*Fremsta röð f.v.: Eiríkur Snjólfsson, Engilbert Ólafsson.*



*7. VH.*
*Aftasta röð f.v.: Sara Hjördís Blöndal, Aron Helgi Halldórsson, Jóhann Magni Eggertsson, Szymon Pawelczyk, Viktor Bjarki Benjamínsson, Olaf Zablocki.*
*Næst aftasta röð f.v.: Vilborg Helgadóttir, Hreimur Óskar Karlsson, Róbert Kári Óskarsson, Elmar Bragi Gunnarsson, Sigurður Andri Óskarsson, Oliver Snær Ólason*
*Næst fremsta röð f.v.: Yasin Al Eedi, Aldís Mjöll Hlynsdóttir, Sólrún Lilja Finnbogadóttir, Thelma Rós Ragnarsdóttir, Sara Lind Atladóttir.*
*Næst fremsta röð f.v. Árdís Eyja Kjartansdóttir, Lára Jakobína Gunnarsdóttir, Thelma Rut Bjarnadóttir, Anna Magný Ellertsdóttir, Maren Lind Steinþórsdóttir.*

*7. VS*
*Aftasta röð f.v. Valdís Sigurvinsdóttir, Guðný Sigurrós Jóhannsdóttir, Þorgerður Bjarnadóttir, Kristrún Bára Guðjónsdóttir, Viktoría Pálsdóttir, Róbert Máni Gunnarsson, Filip Fiolna,*
*Efri miðröð f.v. Þorgeir Örn Bjarkason, Lilja Björg Ólafsdóttir, Paula Gacirska, Embla Rós V. Sigurbrandsdóttir, Fannar Björnsson, Ingibergur Valgarðsson.*
*Neðri miðröð f.v. Arndís Lilja Eggertsdóttir, Sigrún Freyja Hrannarsdóttir, Maryam Anwar Nassar, Ásrún Heimisdóttir, Heiðar Logi Hjálmarsson.*
*Fremsta röð f.v. Magnús Máni Sæmundsson, Grétar Þór Rósant Söndruson, Tómas Þorisson.*

*Á myndina vantar Krissý van den Berg.*





*8. MÁ*
*Aftasta röð f.v.: Margrét Ákadóttir, Andri Páll Einarsson, Ísak Bergmann Jóhannesson, Róbert Rögnvaldsson, Júlíus Emil Baldursson, Rósa Björk Bjarnadóttir.*
*Næst aftasta röð f.v. Enrique Snær Llorens, Helgi Reyr Guðnason, Kolbeinn Tumi Kristjánsson, Nikulás Ísar Bjarkason, Karl Ívar Alfreðsson*
*Næst fremsta röð f.v.: Ástþór Vilmar Brynjólfsson, Daníel Þór Gunnarsson, Aron Snær Guðjónsson, Katrín Eva Einarsdóttir, Oliwia Malczyk, Selma Dögg Þorsteinsdóttir*
*Fremsta röð f.v.: Árný Stefanía Ottesen, Erna Björt Elíasdóttir, Anna Þóra Hannesdóttir, Natalia Palinska, Lilja Þórey Jóhannsdóttir.*



*8. SG*
*Aftasta röð frá vinstri:*
*Julian Ómar Ingason , Finnbogi Laxdal Aðalgeirsson, Gylfi Karlsson, Hafþór Ingi Harðarson, Sigurður Már Magnússon og Steinunn Guðmundsdóttir.*
*Miðröð frá vinstri:*
*Kristófer Leon Ívarsson, Dominik Pstragowski, Jón Birkir Þorbjörnsson, Halldór Andri Guðmundsson og Niko Kilian Temesvari.*
*Fremsta röð:*
*Bára Valdís Ármannsdóttir, Erla Karitas Jóhannesdóttir, Sigrún Eva Sigurðardóttir, Dagný Halldórsdóttir og Ásdís Elva Gränz.*

*Á myndina vantar Ronju Rut Hjartardóttur og Óðin Örn Óskarsson.*

*8. HDG*
*Aftasta röð f.v.: Sindri Már Sigurðsson, Ragnheiður Helga Sigurgeirsdóttir, Ásgerður Jing Laufeyjardóttir, Steinar Daði Hjaltason*
*Næst aftasta röð f.v.  Arnþór Helgi Gíslason, Oliver Helgi Pálsson, Ísak Örn Elvarsson, Oliver Stefánsson, Þorgils Sigurþórsson*
*Næst fremsta röð f.v.: Hjördís Dögg Grímarsdóttir, Matthildur Hafliðadóttir, Heiður Dís Kristjánsdóttir, Aþena Ösp Vattar Oddsdóttir, Arnar Már Kárason*
*Fremsta röð f.v.: Patrekur Orri Unnarsson, Ástrós Elísabet Ástþórsdóttir, Heba Bjarg Einarsdóttir, Brynhildur Björk Magnúsdóttir, Sigurrós Vestmann Þórðardóttir*

*Á myndina vatnar Róbertu Dís Grétarsdóttur.*





*9. BÞ*
*Aftasta röð f.v.: Heiður Ósk Ólafsdóttir, Róberta Lilja Ísólfsdóttir, Katrín María Óskarsdóttir, Emil Þór Guðmundsson, Mikael Sævarsson og Berglind Þráinsdóttir.*
*Næst aftasta röð f.v.: Aþena Ósk Eiríksdóttir, Karen Rut Finnbogadóttir, Ylfa Claxton, Klara Kristvinsdóttir, Ólöf Rún Guðmundsdóttir og Guðný Ósk Stefánsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Brynjar Már Ellertsson, Bjarki Þór Ólason, María Mist Guðmundsdóttir, Benjamín Kristinn Sigurjónsson, Viktor Theoórsson.*

*Á myndina vantar: Hafstein Orra Hilmarsson, Hauk Stefán Jakobsson, Magnús Þór Kristjánsson og Odd Gíslason.*




**9. MKÓ**
*Aftasta röð f.v.: María Kristín Óskarsdóttir, Steindór Gauti Guðmundsson, Ásta María Búadóttir, Árni Þórir Heiðarsson, Sæþór Kristinn Guðmundsson*
*Næst aftasta röð f.v.: Gísli Laxdal Unnarsson, Marvin Darri Steinarsson, Sigurjón Logi Bergþórsson, Hlöðver Már Pétursson, Mikael Hrafn Helgason, Óttar Bergmann Kristinsson*
*Næst fremsta röð f.v.: Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsdóttir, Amalía Sif Jessen, Erika Bjarkadóttir, Marín Birta Pétursdóttir, Gróa Dagmar Gunnarsdóttir,*
*Fremsta röð f.v. Katla Kristín Ófeigsdóttir, Katrín Helga Sævarsdóttir, Ída Mýrdal Sigurðardóttir.*

**9. VLJ**
*Aftasta röð f.v.: Pawel Bortkun, Birkir Daði Jónsson, Orri Hermannsson, Birkir Gunnlaugsson, María Dís Einarsdóttir*
*Næst aftasta röð f.v. Birgitta Nótt Guðmundsdóttir, Ægir Sölvi Egilsson, Vilborg Gunnarsdóttir, Sigrún Ósk Sigurjónsdóttir, Guðmundur Þór Hannesson*
*Næst fremsta röð f.v.: Marteinn Theodórsson, Pétur Vilberg Bergsteinsson, Aron Sædal Karlsson, Rakel Rún Eyjólfsdóttir, Eva María Jónsdóttir, Ísabella Cabrita*
*Fremsta röð f.v.: Valgarður L. Jónsson, Natanael B. Gunnarsson, Helga Dís Brynjólfsdóttir, Daria Fijal.*





**10. EV**
*Aftasta röð f.v.: Einar Viðarsson, Logi Breiðfjörð Franklínsson, Kamil Swistowski, Jón Mýrdal Böðvarsson, Gunnar Sturla Hervarsson.*
*Næst aftasta röð f.v.: Eðvarð Eyfjörð Axelsson, Aron Bjarki Kristjánsson, Kristmann Dagur Einarsson, Oskar Wasilewski, Bjartur Finnbogason*
*Næst fremsta röð f.v.: Katrín Sól Þórðardóttir, Ylfa Örk Davíðsdóttir, Aðalheiður K. Kristjánsdóttir, Hafdís Guðrún Halldórsdóttir, Júlía Rós Þorsteinsdóttir, Brynjar Aron Þorgilsson*
*Fremsta röð f.v.: Íris Edda Steinþórsdóttir, Tinna Guðrún Ívarsdóttir, Fríða Halldórsdóttir, Anna Berta Heimisdóttir, Sólon Ívar Símonarson.*

*Á myndina vantar: Örnu Berg Steinarsdóttur, Björn Mána Andrason, Brynjar Karl Ísleifsson, Helenu Dögg Einarsdóttur og Karen Þórisdóttur.*



*10. FE*
*Aftasta röð f.v.: Flosi Einarsson Þór Llorens Þórðarson, Sigurður Hrannar Þorsteinsson, Fylkir Jóhannsson.*
*Næst aftasta röð f.v.: Ísak Máni Sævarsson, Agnes Rós Sveinbjörnsdóttir, Droplaug María Hafliðadóttir, Helga Rún Hafþórsdóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir, Helga María Gísladóttir*
*Næst fremsta röð f.v.: Nicole Candrejo, Amelija Prizginaite, Hulda Sigríður Höskuldsdóttir*
*Fremsta röð f.v.: Ólöf Gunnarsdóttir, Telma Maren Antonsdóttir, Bjarney Helga Guðjónsdóttir, og Sunna Pétursdóttir.*

*Á myndina vantar: Andra Frey Eggertsson, Atla Teit Brynjarsson, Björgvin Óskar Ásgeirsson, Helga Rafn Rafnkelsson, Jón Karl Kristján Traustason, Nínu Aleksöndru Bialonczyk og Wiktoriu Kostewicz.*

# Leiklist í Grundaskóla

Undanfarin ár höfum við sett upp leikrit í Listavali þar sem nemendur á unglingastigi kynnast ólíkum þáttum leikhússins, allt frá handritagerð til leikmyndargerðar. Nemendur í leiklistarvali skrifa handrit og setja upp leikrit undir stjórn Einars Viðarssonar og Gunnars Sturlu Hervarssonar sem hafa jafnframt yfirumsjón með verkefninu. Þá sauma nemendur í textílmennt búninga en það er Eygló Gunnarsdóttir sem stýrir þeirri vinnu. Loks vinna nemendur í smíði að leikmyndinni undir handleiðslu Kristins Guðbrandssonar.

Áður hafa verið sett upp leikritin Nemó, Strumparnir og Barnyard en að þessu sinni varð fyrir valinu sagan um tröllið Shrek. Skemmst er frá því að segja að útkoman var afar góð og féll sýningin vel í kramið hjá nemendum skólans. Hópurinn sem að verkinu kom stóð sig mjög vel í öllum þáttum ferlisins. Meðfylgjandi myndir eru úr verkunum Shrek og Barnyard.
















**Grundaskóli**
Akranesi